



Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Skólaárið 2014-2015

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Vor 2015

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Tölulegar upplýsingar.....	5
3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið.....	6
4. Gjafir og styrkir.....	6
5. Fjölbreytt skólastarf	7
5.1. Afreksíþróttalína	7
5.2. Nemendur í listnámi	7
5.3. FS - Heilsueflandi framhaldsskóli - Hollusta og heilbrigði	7
5.4. Skimun fyrir brottfalli.....	8
5.5. Valfög fyrir grunnskólanemendur	8
5.6. Námskrárgerð	8
5.7. Smíðasmiðja.....	8
5.8. Nýr vefur	8
5.9. Nýr hugbúnaður í kennslu	8
5.10. Ferðalög nemenda og kennara.....	9
6. Ýmsar upptakur.....	10
6.1 Móttaka nýnema	10
6.2 Kynningarfundur.....	10
6.3 Opið hús - námskynning	10
6.4 Þemadagar.....	10
6.5 Starfshlaup.....	11
6.6 Dimissio.....	11
6.7 Evrópskt æfingaping	12
6.8 Gróðursetning.....	12
6.9 Heimsóknir.....	13
6.10 Ýmsar keppnir.....	13
6.11 Hljóðneminn	14
6.12 Söngleikur	14
6.13 Sólmyrkvi	14

6.14	Hæfileikakeppni	15
6.15	Stofnun ársins	15
7.	Skýrsla matsnefndar.....	16
8.	Skýrslur sviðsstjóra.....	19
8.1	Málasvið.....	19
8.2	Raungreinasvið	24
8.3	Samfélagssvið	27
8.4	Tæknisvið	32
8.5	Starfsbraut	39
9.	Skýrsla bókasafns	50
10.	Skýrsla námsráðgjafa	52
11.	Skýrsla hjúkrunarfræðings	58
12.	Skýrsla forvarnarfulltrúa	60
13.	Skýrsla félagslífsfulltrúa	62

1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2014 - 2015. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar uppákomur í skólastarfinu. Samantektarskýrslur matsnefndar, sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, forvarnarfulltrúa og félagslífsfulltrúa.



Frá nýnemafagnaði á sal í september 2014.

2. Tölulegar upplýsingar

Haust 2014

Skólastarf hófst 18. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst síðan 21. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 950 en auk þess stunduðu rétt um 60 nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Fastir starfsmenn skólans voru 95 þar af 78 kennarar. Aðrir starfsmenn voru 12, auk 5 stundakennarar. Verktakafyrirtæki sáu síðan um ræstingu og mötuneyti.

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf við upphaf annar en það voru þau Arnar Stefánsson rafiðnakennari, Birna Ármey Þorsteinsdóttir kennari á starfsbraut, Bogi Ragnarsson félagsfræðikennari, Guðmundur Rúnar Lúðvíksson sem kennir listgreinar, Guðrún Jóna Magnúsdóttir námsráðgjafi, Þjóðbjörg Gunnarsdóttir sem hefur kennt ýmsar greinar nú í haust og Bjarni Þór Pálmason og Ásta Katrín Gestsdóttir stuðningsfulltrúar á starfsbraut. Arndís Harpa Einarsdóttir hélt áfram í starfi námsráðgjafa eftir að hafa leyst af í vor. Ásta Svanhvít Sindradóttir, Elín Rut Ólafsdóttir, Lárus Pálmason og Þorbjörg Garðarsdóttir voru í leyfi á önninni, Ingibjörg Böðvarsdóttir og Sesselja Bogadóttir voru í barneignarleyfi og Guðmundur Guðbjörnsson, Guðrún Jóna Sigurðardóttir, Katrín Marsí Aradóttir og Kristín Hafsteinsdóttir hættu störfum.

Vor 2015

Skólastarf hófst 5. janúar með stundatöfluafhendingu og fyrsta kennsludegi 7. janúar. Um 950 nemendur stunduðu nám við skólann í dagskóla og um 60 nemendur 10. bekkjar sóttu nám hingað í einstökum fögum. Fastir starfsmenn skólans voru 94 á önninni, 74 kennarar, 5 stundakennarar og 15 aðrir starfsmenn. Ingibjörg Böðvarsdóttir sneri aftur eftir barneignarleyfi en Guðmundur Rúnar Lúðvíksson hafði leyst hana af á haustönninni. Sesselja Bogadóttir námsráðgjafi var í barneignarleyfi þessa önnina og Elín Rut Ólafsdóttir, Lárus Pálmason og Þorbjörg Garðarsdóttir voru í leyfi í vetur.

3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Hefðbundnir kennara-, sviðs- og fagfundir voru haldnir reglulega báðar annir. Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur um árabil verið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. Þessi samvinna hélt áfram með hefðbundnum fundum stjórnenda þessara þriggja skóla.

Jón Torfi Jónasson, prófessor og forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, hélt erindi fyrir kennara í nóvember. Þar ræddi hann um rannsóknir sínar á gengi nemenda í Háskólanum og hvernig framhaldsskólar gætu undirbúið nemendur sína undir frekara nám. Í máli Jóns Torfa kom fram að nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja standa sig prýðilega í námi við Háskólann. Rannsóknir hans hafa sýnt að nemendur sem hafa staðið sig vel í grunnskóla og framhaldsskóla gengur vel í háskólanámi en það virðist ekki hafa mikil áhrif í hvaða framhaldsskóla þeir hafa stundað nám.

Í janúar komu skólastjórnendur úr grunnskólum svæðisins í heimsókn og var farið yfir gengi nýnema í grunnfögunum fjórum eftir skólum og einkunnum. Síðar á vorönninni funduðu stjórnendur, kennarar og námsráðgjafar beggja skólastiga til að undirbúa nýja námskrá framhaldsskólans, að skoða undirbúning grunnskólanemenda undir nám í framhaldsskóla.

4. Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum skólans. Á haustönn gaf Vélstjórafélag Suðurnesja vélstjórnardeild skólans afréttingarbúnað og félagið gaf deildinni einnig sérhæfð verkfæri til að vinna með legur, tvær dælur og fjóra rennismæla. Þessi búnaður er mjög fullkominn en honum er stýrt með spjaldtölvu. Verðmæti þessara gjafa er vel á aðra milljón króna. Afréttingarbúnaðurinn er frá Brammer og dælurnar eru frá Fálkanum en þessi fyrirtæki gáfu verulegan afslátt af búnaðinum. Vélstjórnardeildin fékk fleiri gjafir en Isaviaa gaf nánast ónotaða rafstöð og Nesfiskur gaf ýmsan vélbúnað. Starfsbraut skólans fékk einnig veglegar gjafir á haustönninni. Isavia gaf sex spjaldtölvur og hulstur og Kvenfélagið í Njarðvík gaf einnig sex tölvur. Lionsklúbburinn í Njarðvík gaf tvær spjaldtölvur og kvenfélögin í Keflavík og Grindavík gáfu bæði spjaldtölvu og hulstur og Kvenfélagið í Vogum gaf eina tölvu.

Á vorönn fékk rafiðnadeild skólans góða gjöf frá Rafiðnaðarfélagi Suðurnesja og Smith og Norland. Gjöfin inniheldur sex Logo stýrivélar frá Siemens ásamt hugbúnaði fyrir PC vélar.

Í lok janúar voru veittir átta styrkir til bókakaupa úr Minningarsjóði Gísla Torfasonar. Styrkir úr sjóðnum eru veittir þeim sem eiga við fjárhagserfiðleika að etja.

5. Fjölbreytt skólastarf

5.1. Afreksíþróttalína

Undanfarnar annir hefur skólinn boðið upp á afreksíþróttalínu en hún er fyrir nemendur sem vilja stunda sína íþrótt með álagi afreksíþróttamanna, samhliða krefjandi bóknámi. Hópurinn hittist fyrst á morgnana fjóra daga vikunnar en byrjar svo í hefðbundnum kennslustundum kl. 10:00. Á afreksíþróttalínunni hefur verið lögð áhersla á að fá gestaþjálfara- og fyrirlesara í heimsókn.

Fimm knattspyrnumenn sem hafa verið á afreksíþróttalínunni léku með U-19 ára landsliði Íslands í undankeppni EM í Króatíu. Þetta voru þeir Sindri Kristinn Ólafsson, Ari Már Andrússon, Ari Steinn Guðmundsson, Aron Freyr Róbertsson og fyrirliði landsliðsins, Samúel Kári Friðjónsson, sem nú leikur sem atvinnumaður með Reading í Englandi.

5.2. Nemendur í listnámi

Í myndlistaáföngum var tekin upp sú nýbreytni að verk nemenda voru sýnd á sal. Reglulega var skipt um verk og lífgaði það verulega upp á sal skólans.

Textíldéild skólans hefur verið í samstarfi við Fjölskylduhjálpinna. Í einum áfanganum hefur verið unnið með endurvinnslu og er samstarfið fólgið í því að skólinn fær hráefni frá Fjölskylduhjálpinni, nemendur endurvinna og gefa til baka. Í áfanganum unnu nemendur þannig tíu ungbarnasængurver og einnig tíu ungbarnanáttföt, allt endurunnið. Nemendur stóðu sig afar vel og sýndu verkefninu mikinn áhuga og metnað. Nemendur og kennari mættu síðan með afraksturinn í verslun Fjölskylduhjálparinnar og hittu starfsfólkið þar.

Sýning útskriftarnemenda á listnámsbraut var opnuð í Duus-húsum þann 7. maí. Verkin á sýningunni voru mjög fjölbreytt og sýndu hvað nemendur hafa verið að skapa í námi sínu. Sýningin í Duus stóð til 21. maí.

Tveir nemendur á listnámsbraut, Ellert Björn Ómarsson og Sæmundur Ingi Margeirsson, máluðu merki skólans og einkunnarorð á vegginn við stigann upp á aðra hæð. Þetta gerðu þeir undir handleiðslu Írisar Jónsdóttur myndlistarkennara. Verkið var reyndar nokkuð flókið og þurfti m.a. að koma upp vinnupalli fyrir listamennina en öll slík mál voru auðvitað leyst af umsjónarmönnum, Jóni og Sigurði. Merki skólans blasir nú við þeim sem ganga um skólann og einnig einkunnarorð skólans, Virðing - Samvinna - Árangur.

5.3. FS - Heilsueflandi framhaldsskóli - Hollusta og heilbrigði

Skólinn er þátttakandi í verkefni Landlæknisembættisins um heilsueflandi framhaldsskóla en það er verkefni á vegum Lýðheilsustöðvar. Þetta ár var fjórða árið í verkefninu og var áherslan lögð á lífsstíl.

5.4. Skimun fyrir brottfalli

Í október var könnun, til að skima fyrir brottfalli, lögð fyrir nemendur á fyrsta ári. Þetta var í þriðja sinn sem þessi könnun, sem var á vegum menntamálaráðneytisins, var lögð fyrir. Námsráðgjafar kölluðu síðan til þá nemendur sem voru, samkvæmt könnun, í mestri brottfallshættu og ræddu málin við þá. Vonandi verður framhald á þessu starfi enda er brottfall eitt helsta vandamálið í íslenskum framhaldsskólum.

5.5. Valfög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í góðu samstarfi við grunnskólana á svæðinu og hafa nemendur bæði fengið að taka valfög í FS á miðvikudögum auk þess að koma í einstaka greinar í dagskóla. Á þessu skólaári var stór hópur nemenda í dagskóla bæði í stærðfræði og spænsku. Auk þess var enska og stærðfræði kennd sem valgreinar á miðvikudögum.

5.6. Námskrágerð

Á skólaárinu var unnið að undirbúningi nýrrar námskrár sem tekur gildi haustið 2015. Unnið var að skipulagi nýrra stúdentsbrauta en þær verða þrjár talsins, fjölgreinabraut, raunvísindabraut og félagsvísindabraut

5.7. Smíðasmiðja

Nemendur í smíðasmiðju hafa undanfarnar annir smíðað gröfur, hjól, dúkkurúm og leikfangalestir og hafa fært leikskólum á Suðurnesjum leikföngin að gjöf. Á haustönninni fengu leikskólarnir Vesturberg, Hjallatún, Holt og Sólborg í Sandgerði slíkar gjafir en leikskólarnir Krók og Laut í Grindavík og Gimli í Njarðvík í lok vorannar.

5.8. Nýr vefur

Í upphafi árs tók skólinn í notkun nýjan vef. Hann á að uppfylla allar helstu kröfur sem gerðar eru til vefsíðna af þessu tagi og er að auki með viðmóti sem virkar vel fyrir snjallsíma, spjaldtölvur og allar gerðir tölva. Með nýjum vef vonumst skólinn til að geta veitt nemendum sem og foreldrum aukna þjónustu.

5.9. Nýr hugbúnaður í kennslu

Kennsla og nám nemenda hafa tekið miklum breytingum undanfarin ár. Því fylgja kostir og gallar en á vorönn tók skólinn í notkun hugbúnað sem les yfir verkefni nemenda og kannar hvort innihald þeirra hafi nokkuð verið fengið „að láni“ af Internetinu eða annars staðar frá. Þannig geta kennarar kannað hvernig verkefni og ritgerðir eru samansettar og ekki síður geta nemendur skoðað eigin verk og séð hvort heimildanotkun þeirra stenst skoðun.

5.10. Ferðalög nemenda og kennara

Nemendur skólans eru duglegir við að heimsæja leikhús, listasöfn og ýmsa vinnustaði og fara í menningar- og vettvangsferðir, enda er það hluti af námi þeirra. Nemendur á tölvuþjónustubraut heimsóttu tölvudeild Isavia. Íslenskunemendur voru víðförlir að venju. Nemendur í íslensku 403 fóru á sýningu um Hallgrím Pétursson sem haldin er í Þjóðarbókhöðunni í tilefni 400 ára afmælis skáldsins. Nemendur í íslensku 503 fóru á RIFF-alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík og kynntu sér margt af því sem þar var á borðstólum. Nemendur með annað móðurmál en íslensku skoðuðu sýningu um Frú Vigdís Finnbogadóttur í Hönnunarsafni Íslands. Sú ferð reyndist mjög ánægjuleg og veitti nemendum innsýn í sögu og sérkenni þjóðarinn. Einnig sóttu nemendur heim ýmsar sýningar sem hafa verið í gangi í Duushúsum hér í Reykjanesbæ. Hópur nemenda af íþróttabraut fór á blakleik í Laugardalshöll ásamt kennara sínum, Gunnari Magnúsi Jónssyni. Ferðin á leikinn var hluti af námi í blakáfanga á íþróttabrautinni. Nemendur í NÁT 143 fóru í vettvangsferð um Reykjanesið. Hópurinn fór í Reykjanesvirkjun og skoðaði sýninguna Orkuverið Jörð og í Þekkingarsetur Suðurnesja í Sandgerði þar sem nemendur kynntust starfseminni. Áfanginn NÁT 143 er náttúrufræði fyrir nemendur sem eru í starfsnámi og kennarar hópsins eru Haukur Ægisson og Harpa Kristín Einarsdóttir.

Guðmundur Grétar Karlsson efnafræðikennari fór á ráðstefnu í Litháen þar sem rætt var um nýsköpun í skólastarfi. Tilgangur ráðstefnunnar var meðal annars að koma á tengslum milli gesta hennar og koma samstarfsverkefnum af stað og vonandi njótum við góðs af því í nánustu framtíð.



Nemendur af íþróttabraut á blakleik í Laugardalshöll í febrúar 2015.

6. Ýmsar uppákomur

6.1 Móttaka nýnema

Móttaka nýnema átti sér stað fimmtudaginn 11. september. Móttakan var með nokkuð breyttu sniði en verið hefur. Boðað var til nýnemafagnaðar á sal í hádeginu og þar sáu eldri nemendur um dagskrána. Boðið var upp á tónlist og söng en hápunkturinn var þegar nokkrir nýnemar fengu tækifæri til að vinna miða á hið árlega nýnemaball. Ballið fór svo fram í Stapa um kvöldið. Vel var mætt á sal og góð stemmning og virtust viðstaddir nokkuð sáttir við þetta breytta fyrirkomulag.

6.2 Kynningarfundur

Kynningarfundur foreldra yngri nemenda var haldinn þann 2. september. Fundurinn hófst á því að Hrefna Pálsdóttir frá Rannsóknnum og greiningu flutti stutt erindi um þróun vímuefnaneyslu ungmenna á Íslandi og samanburð Fjölbrautaskóla Suðurnesja við landið allt. Í stuttu máli sagt er Fjölbrautaskóli Suðurnesja að koma mjög vel út í þessum samanburði. Rannsóknir og greining hafa um árabil gert viðamiklar kannanir á högum og líðan ungs fólks. Að því loknu hófst hefðbundin dagskrá sem m.a. fólst í kynningu á skólastarfinu og hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í gegnum skólakerfið Innu. Aðalfundur foreldrafélags skólans var haldinn að lokinni kynningu á skólanum og tók María Línal við embætti formanns foreldrafélagsins sem var stofnað fyrir fimm árum.

6.3 Opið hús - námskynning

Þriðjudaginn 24. mars var nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra boðið í heimsókn síðdegis. Skólinn var opinn frá kl. 17:00 til 19:00. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Þetta er þriðja árið í röð sem slík kynning er haldin og hefur aðsóknin verið mismikil. Í Fjölbrautaskólanum er reglulega rætt hvernig best sé að kynna skólann og námsframboð fyrir nemendum grunnskóla enda mikilvægt að íbúar svæðisins þekki skólann.

6.4 Þemadagar

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir 26. - 27. Febrúar. Í ár var yfirskrift þeirra "Lífið er yndislegt". Að þessu sinni var markmið daganna fyrst og fremst að allir gætu fundið eitthvað sem þeim þætti skemmtilegt að gera. Fyrri daginn var boðið upp á námskeið og fyrirlestra en seinni daginn var dagskrá á sal. Skipulag þemadaganna hefur verið að breytast undanfarin ár en nemendur geta sótt fleira atburði en áður og hefur það mælst vel fyrir.

6.5 Starfshlaup

Starfshlaupið var haldið í 20. sinn síðasta kennsludag fyrir páska eða föstudaginn 27. mars. Gunnar Magnús Jónsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, kennarar sáu um skipulagninguna sem gekk vel. Starfshlaupið er nokkurs konar boðhlaup þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann og ýmsum þrautum. Að þessu sinni kepptu sex lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara síðan fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Keppnin var gríðarlega spennandi í ár og réðust úrslit ekki fyrr en í síðustu þrautunum en svo fór að appelsínugula liðið sigraði.

6.6 Dimissio

Í lok hverrar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er dimissio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum. Á haustönn var dimissio haldið 28. nóvember en á vorönn 30. apríl. Um morguninn er dagskrá á sal. Það er orðin hefð fyrir því að á dimissio sé boðið upp á stuttmynd um lífið í skólanum. Að lokinni kvikmyndasýningunni fer fram verðlaunaafhending en þar fær útskriftarhópurinn langþrátt tækifæri til að veita kennurum sínum viðurkenningar fyrir frammistöðu sína. Um kvöldið er síðan hin svokallaða síðasta kvöldmáltíð en þá borða útskriftarnemendur og starfsfólk skólans saman og gera sér glaðan dag.



Frá dimissio vorannar 2015.

6.7 Evrópskt æfingaping

Undanfarin ár hafa nemendur okkar sótt evrópskt æfingaping þar sem líkt er eftir starfi Evrópuþingsins þó þátttökulönd séu bæði innan og utan Evrópusambandsins. Þetta er lýðræðis- og leiðtogaþjálfun fyrir ungt fólk. Í haust fóru þrír nemendur ásamt Ægi Karli Ægissyni til Stokkhólms og tóku þátt í þingstarfi þar.

6.8 Gróðursetning

Hefð er fyrir því að væntanlegir útskriftarnemendur gróðursetji plöntur, hjá Rósaselsvötnum fyrir ofan Keflavík, til minningar um veru sína í skólanum. Svæðið sem um ræðir fékk skólinn á sínum tíma úthlutað hjá Skógræktarfélagi Suðurnesja. Þeir nemendur sem útskrifast frá skólanum gróðursetja þar plöntur tvisvar á ári; nemendur sem útskrifast á haustönn fara í upphafi haustannar en hópar sem útskrifast að vori gróðursetja þá. Þetta hefur verið gert í þó nokkur ár er var engin breyting þar á þetta árið. Búið að gróðursetja þó nokkuð af plöntum sem eiga vonandi eftir að vaxa þar og dafna.



Frá gróðursetningu útskriftarnemenda haustið 2014.

6.9 Heimsóknir

Alltaf er einhver gestagangur í skólanum. Sex nemendur og tveir kennarar frá starfsnámsskóla í Helsinki í Finnlandi heimsóttu starfsbrautina í tvær vikur í nóvember. Okkar nemendur hafa þrisvar sinnum heimsótt þennan skóla í Helsinki og hafa alls 17 nemendur héðan farið í þær ferðir. Finnsku gestirnir kynntu sér nám og starf á brautinni ásamt því að fara í vettvangsferðir um Suðurnesin.

6.10 Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja stóðu sig vel að vanda í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu. Lið skólans tók að venju þátt í spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur og MORFÍS, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna í fyrstu umferð Gettu betur tapaði okkar lið fyrir Flensborgarskóla en komst áfram í aðra umferð sem stigahæsta tapliðið. Í næstu umferð sigraði okkar fólk síðan lið Fjölbrautaskóla Suðurlands en tapaði síðan fyrir liði Fjölbrautaskólans í Garðabæ í 8 liða úrslitum. Sú keppni fór fram í Sjónvarpinu en þetta er í fjórða sinn sem lið skólans kemst svo langt í keppninni. Lið skólans skipuðu Alexander Hauksson, Bjarni Halldór Janusson og Helga Vala Garðarsdóttir. Varamenn og liðsstjórar voru Brynjar Steinn Haraldsson og Tinna Björg Gunnarsdóttir og þjálfari liðsins var Grétar Þór Sigurðsson. Lið skólans komst í undanúrslit Morfís en tapaði þar fyrir liði Menntaskólans við Sund en áður hafði okkar fólk sigrað lið Borgarholtsskóla og lið Tækniskólans. Liðið skipuðu Sigurður Smári Hansson, Magnþór Breki Ragnarsson og Sólborg Guðbrandsdóttir ásamt Bjarna Halldóri Janussyni liðsstjóra en þjálfari liðsins var Arnar Már Eyfells sem er fyrrum nemandi skólans og keppandi í MORFÍS.

Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema var haldin 7. október en það eru Íslenska stærðfræðifélagið og Félag raungreinakennara sem standa að keppninni. Markmið hennar er að auka áhuga framhaldsskólanema á stærðfræð og öðrum greinum sem byggja á stærðfræðilegum grunni. Einn nemandi frá Fjölbrautaskólanum hlaut viðurkenningu en var Sebastian Klukowski. Hann varð í 13. - 15. Sæti í yngri hópnum en þar voru keppendur 165.

Stærðfræðikeppni grunnskólanna var haldin í skólanum 11. mars og komu þá rúmlega 150 grunnskólanemendur hingað til að taka þátt. Keppnin naut sem fyrr stuðnings Verkfræðistofu Suðurnesja og Íslandsbanka. Verðlaunaafhending fór síðan fram á sal skólans nokkru seinna. Ragnheiður Gunnarsdóttir sá um alla framkvæmd keppinnar eins og undanfarin ár.

6.11 Hljóðneminn

Hljóðneminn, söngkeppni nemendafélagsins NFS, fór fram í Andrews leikhúsinu laugardaginn 24. janúar. Það var Guðrún Pálína Karlsdóttir sem sigraði og var því fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna. Guðrún Pálína flutti lagið Jealous með Labrinth. Í öðru sæti urðu Sigurður Smári Hansson og Sólborg Guðbrandsdóttir og þriðji varð svo Guðlaugur Ómar Guðmundsson. Keppnin var glæsileg að vanda enda mikið í hana lagt og það er orðin regla frekar en undantekning að umgjörð um slíka viðburði nemenda sé fyrsta flokks að öllu leyti.

6.12 Söngleikur

Nemendafélagið NFS stóð í stórræðum en hápunkturinn í starfi félagsins var uppsetning á söngleiknum Moulin Rouge. Hann var frumsýndur í Andrews leikhúsinu 15. apríl en alls urðu sýningarnar átta og var aðsóknin prýðileg. Gunnella Hólmarsdóttir leikstýrði verkinu en hún er fyrrverandi nemandi skólans. Það var stór hópur nemenda sem kom að uppsetningunni, bæði á sviðinu og utan þess. Auk leikara, söngvara og dansara vann fjöldi nemenda baksviðs við tæknimál, sviðsmynd, hár, förðun og búninga.

6.13 Sólmyrkvi

Nemendur og starfsmenn Fjölbrautaskólans fylgdust með sólmyrkvanum 20. mars af áhuga. Þar var ýmislegt notað til að geta fylgst með myrkvanum og þar komu logsuðugler frá Ágústi kennara úr málmíðnadeildinni að góðum notum.



Frá frumsýningu á söngleiknum Moulin Rouge í apríl 2015.

6.14 Hæfileikakeppni

Nemendur á starfsbraut héldu opið hús á sal skólans og stóðu þar fyrir hæfileikakeppni. Atriðin voru hin glæsilegustu og mikill metnaður lagður í þau. Það var Thomas Damien Albertsson sem sigraði og keppti því fyrir hönd skólans í hæfileikakeppni starfsbrauta framhaldsskóla sem haldin var í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Þar stóð Thomas sig með þryði þó hann næði ekki verðlaunasæti.

6.15 Stofnun ársins

Á vormánuðum var boðið til viðburðar ársins á vegum SFR, stéttarfélag í almannajónustu þar sem veitt voru verðlaun fyrir stofnun ársins 2015. Fjölbrautaskóli Suðurnesja lenti í öðru sæti af 79 í hópi stórra stofnana og var efstur framhaldsskóla á landinu í þessum flokki. Skólinn getur því notað titilinn Fyrirmyndarstofnun SFR og er ein þrettán ríkisstofnana sem hlýtur þann titil í ár. Þetta er annað árið í röð sem við erum útnefnd ein af fyrirmyndarstofnunum SFR.



Nemendur fylgjast með sólmyrkva í mars 2015.

7. Skýrsla matsnefndar

Í sjálfsmatshópnum voru fjórir kennarar af ólíkum sviðum þau Ása Einarsdóttir, Atli Þorsteinsson, Axel Sigurbjörnsson og Garðar Garðarsson ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur og vann hópurinn að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2014

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórðungs kennara var metinn
2. Móttaka nýrra starfsmanna

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir til vorsins 2015. Könnun á kennslu og kennsluháttum var lögð fyrir nemendur í áföngum kennara, en um fjórðungur kennara er metinn í hvert skipti. Í kjölfarið fóru fram starfsmannaviðtöl.

Á haustönn 2014 var gerð könnun á móttöku nýrra starfsmanna FS. Að þessu sinni var könnunin gerð með sama hætti og árið 2011 þar sem haldinn var matsfundur með nýjum starfmönnum. Könnunin fór þannig fram að myndaður var hringur og fékk hver einstaklingur tækifæri til að minnst á að minnsta kosti þrjú atriði sem hann taldi góð eða til fyrirmyndar við móttöku nýrra starfsmanna og síðan fékk hver að nefna að minnsta kosti þrjú atriði sem betur mættu fara.

Haldnir voru tveir fundir og voru hóparnir blandaðir kennurum og öðrum starfsmönnum. Í hvort skipti sátu þrír matsnefndarfulltrúar fundina. Könnunin var síðast gerð haustið 2011.

Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2015

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum 18 kennara var metin
2. Könnun á fjölbreyttu námsmati í FS
3. Samskipti nemenda við starfsmann aðra en kennara
4. Könnun á viðhorfi starfsmanna til mötuneytis skólans

Í úttekt sem gerð var á vegum Menntamálaráðuneytisins í apríl og maí árið 2010 kom fram að skýrsluhöfundar töldu námsmatsaðferðir í skólanum fábreyttar. Matsnefnd FS ákvað að kanna fjölbreytni námsmatsaðferða í skólanum og var könnunin lögð fyrir þá kennara sem hafa lengri en tveggja ára starfsaldur við skólann. Könnunin var lögð fyrir í október 2014 og svöruðu 46 kennarar könnuninni. Þátttakendur fengu spurningalista sem samanstóð af 24 valmöguleikum og voru þeir beðnir um að merkja við allar þær námsmatsaðferðir sem þeir hafa notað síðastliðin tvö ár í kennslu við FS. Þá var þátttakendum gefinn kostur á að bæta við aðferðum sem voru ekki á listanum en þeir höfðu notað síðastliðin tvö ár.

Á vorönn 2015 var lögð fyrir nemendur skólans könnun á samskiptum þeirra við annað starfsfólk en kennara en það eru: námsráðgjafar, áfangastjórar, starfsmenn skrifstofu skólans og bókasafns, umsjónamenn fasteigna, umsjónamenn tölvukerfis, forvarnarfulltrúi, mætingastjóri og skólahjúkrunarfræðingur. Samskonar könnun var síðast gerð vorið 2012. Niðurstöður þessarar könnunar verða bornar saman við könnunina sem gerð var 2012 með það að markmiði að gera úrbætur þar sem þeirra er þörf. Könnunin var lögð fyrir á rafrænu formi að þessu sinni. 851 nemandi fékk boð um að taka þátt en aðeins 312 svöruðu eða 42,3%. Niðurstöðurnar verða lagðar til grundvallar í starfsmannaviðtölum starfsmannanna.

Á vorönn 2015 var gerð könnun á viðhorfi og notkun starfsmanna Fjölbrautaskóla Suðurnesja til Mötuneytisins sem er sameiginlegt mötuneyti starfsmanna og nemenda skólans. Könnunin var lögð fyrir á rafrænu formi að þessu sinni. 96 starfsmenn fengu boð um að taka þátt og 63 svöruðu eða 65%. Spurt var um kyn, hversu oft þeir kaupa heitan mat (heimilismat) í mötuneytinu, hvernig þeim finnst maturinn, úrvalið, verð og þjónustan.

Þá var gert mat á einkunnadreifingu og brottfalli í áföngum og eignastaða tekin út.

Helstu niðurstöður

Könnun fjölbreyttu námsmati í Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Í ljós kemur að námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og höfða til margra námsþátta í skólastarfinu. Af þeim sem svöruðu segjast 63.8% oft nota kaflapróf, 61.7% nota lokapróf oft en 10.6% nota aldrei lokapróf. Virkniathuganir (ástundun og viðvera) er töluvert notuð en 61.7% segjast nota þá matsaðferð stundum eða oft. 53.2% þátttakenda nota aldrei verkleg próf en 38% stundum eða oft. Símat er mikið notað en 70,2% segjast nota símat sem námsmat stundum eða oft.

Móttaka nýrra starfsmanna

Kennurunum/starfsmönnun fannst almennt vel tekið á móti þeim þegar þeir koma í fyrsta sinn.

Þeir töldu áberandi hvað yfirstjórnendur eru almennilegir og gott hvað samskipti við þá eru persónuleg og aðgengi að þeim gott. Þeim fannst áberandi hvað nýjum starfsmönnum er treyst í starfi strax og að þeim er tekið sem jafningjum þeirra sem fyrir eru. Þeim fannst augljóst að öllum væri annt um að vel gengi, starfsmenn séu jákvæðir og umhugað að mönnum líði vel. Þá fannst þeim jákvætt að hafa matsfundi af því tagi sem þessi fundur er þar sem fólk getur tjáð sig óþvingað um skoðanir sínar á vinnustaðnum, vinnuumhverfi og samstarfsfólki

Samskipti nemenda við starfsmenn aðra en kennara

Almennt telja nemendur sig eiga mjög góð eða góð samskipti við starfsmenn. Þó er áberandi hve hátt hlutfall nemenda segist ekki hafa nein samskipti við námsráðgjafana eða um 40% nemenda. Rúmlega helmingur nemenda eða 53,1% hefur ekki haft nein samskipti við mætingastjóra. Rúmlega 62% hafa ekki þurft á þjónustu skólahjúkrunarfræðings að halda sem eru sambærilegar niðurstöður og komu fram í könnun gerðri 2012. Um það bil 40% nemenda segjast ekki hafa nein samskipti við áfangastjórana og aðeins tæplega helmingur nemenda hefur þurft að hafa samskipti við umsjónamenn fasteigna.

Könnun á notkun starfsmanna Fjölbrotaskóla Suðurnesja á mötuneyti FS

Af þeim sem svöruðu voru 56,25% konur en 43,75% karlar. Þegar spurt var um hvar þátttakendur borða oftast í hádeginu segjast 73% borða í Mötuneytinu og almennt finnst þátttakendum úrval matar í Mötuneytinu 42,86% finnst úrvalið mjög gott eða gott, en 41,27% finnst það sæmilegt eða lélegt. Þá finnst 71,4% verðið á matnum vera sanngjarnt og afgerandi hluti eða 82,5% finnst þjónustan vera góð eða mjög góð.

Úrbótaáætlun

Við móttöku nýrra starfsmanna kom fram að þau töldu vanta betri upplýsingar fyrir þá starfsmenn sem hefja störf eftir að hefðbundið starf á önninni er hafið. Þá vanti starfslýsingar fyrir ófaglært starfsfólk með lýsingum á starfsskipulagi svo auðveldara væri að komast inn í starfið. Þá vantaði ákveðinn tengilið fyrir nýliðana sem þeir gætu leitað til með atriði er tengjast starfinu.

Niðurstöður könnunar um námsmatsaðferðir benda til þess að námsmatsaðferðir við skólann séu fjölbreyttar. Athygli vekur þó hversu fáir nota munnleg próf í námsmati og leggjum matsnefnd til að umræða um gildi munnlegs námsmats verði umfjöllunarefni á kennarafundi/kaffihúsafundi á næstu haustönn.

Í samskiptum nemenda við starfsmenn aðra en kennara er áberandi er hve margir segjast ekki hafa nein samskipti við námsráðgjafa. Vinna þarf að því að kynna námsráðgjafa betur, til dæmis með því að námsráðgjafar fari í heimsókn í kennslustundir með kynningu á þjónustu sinni á fyrstu vikum hvers skólaárs. Þá gætu námsráðgjafar sérhæft sig til þess að sinna ákveðnum brautum svo sem iðnnámi. Sama á við um skólahjúkrunarfræðing, það gæti verið til bóta að kynna betur fyrir nemendum hvaða þjónustu hann veitir með fræðslu í hópum/kennslustundum

Þó starfsmenn séu almennt ánægðir með mötuneytið benda þér á að fjölbreytni heita matarins og salatbarsins sé ábótavant og bæta mætti úrvalið.

Ása Einarsdóttir, verkefnastjóri, tók saman.

8. Skýrslur sviðsstjóra

8.1 Málasvið

#	Kennarar	Greinar	Áfangar	Fj. tíma H2014	Fj. tíma V2015
1	Anna Karlsdóttir Taylor	íslenska	T93-202-203-303	30	30
2	Axel Gísli Sigurbjörnsson	enska	193-102-303	30	30
3	Elnar Trausti Óskarsson	spænska	103-303-403	36	30
4	Einar Valgeir Arason	íslenska, enska	102, 102	24	-
5	Hulda Egilsdóttir	íslenska	212-293-503-643-663	30	30
6	Ingibjörg Böðvarsdóttir	spænska	203	-	6
7	John Richard Middleton	enska	203-403	24	24
8	Jórunn Tómasdóttir	íslenska, spænska	103-202, 203	24	24
9	Karen E. Arason	enska	202-403-503-603/703	24	24
10	Kristrún Guðmundsdóttir	íslenska	ÍSA103til503-403-503	24	18
11	Sara Harðardóttir	enska	103-202-503	24	24
12	Simor Cramer Larsen	danska	193-202-212	24	24
13	Sumarrós Sigurðardóttir	danska	102-103-203-303	30	30
14	Veska Jónsdóttir	þýska, enska	103-203-303-403, 102-212	30	30
15	Þorsteinn Þorsteinsson	íslenska	193-102-203-303	30	24
16	Þorvaldur Sigurðsson	íslenska	102-103-203-303-403	30	30
Samtals:				408	378

Erindi

Jón Torfi Jónasson hélt fyrirlestur í Fjölbautaskóla Suðurnesja um skilin milli grunnskóla og framhaldsskóla þann 6. nóvember 2014. Fór hann víða og var mjög góður rómur gerður af framlagi hans til skólamálaumræðunnar sem jafnan fer fram innan veggja skólans.

Á vorönninni var annarlegi fyrirlesturinn í formi tæknikynningar þann 12. febrúar. Apple fyrirtækið sendi fulltrúa sem kynnti ýmsar athyglisverðar leiðir sem standa notendum til boða ef þeir hafa undir höndum búnað frá fyrirtækinu eins og iPad. Margir sáu ýmsa möguleika á borðinu ef slíkur búnaður væri til staðar, jafnvel frá öðrum vörumerkjum.

Annarlegu erindin voru gríðarlega ólík og ýttu við á mjög mismunandi hátt. Ekki fór á milli mála að nóvembermaðurinn var gríðarlega reyndur fyrirlesari sem talaði mjög skemmtilega út frá tölulegum staðreyndum. Hélt hann athygli fundarmanna á allt annan hátt en febrúarmaðurinn þar sem athyglin fundarmanna snérist meira um tæknimál framtíðarinnar.

Kennsluhættir

Fjölbautaskóli Suðurnesja hefur að mínu mati löngum verið þekktur fyrir að reyna að standa undir slagorðinu 'Framhaldsskóli fyrir alla'. Þýður hann upp á aðlagað nám fyrir flesta, miðað við þá námsgetu sem menn búa yfir þegar þeir hefja nám við skólann. Í starfsdeildinni (sem iPad væddist), á almennu brautinni, í hægferðum og hraðferðum er leitast við að koma til móts við námsgetu nemenda með innleiðingu tækninnar, samtali fagaðila innan skólans og öðrum leiðum sem men telja vænlegar til árangurs.

Örnámskeið er hugtak sem var oft í umræðunni á liðnu skólaári. Hittust menn þá og kynntu eitthvað sem þeir töldu heildina hafa gagn og gaman af sem gæti leitt til fjölbreyttari og skilvirkari kennsluhátta. Koma upp í hugann nöfn á forritum eins og Kahoot, Quizlet, Camtasia, talgerfillinn Ivona með röddunum Dóra og Karl, ásamt sérhæfðari fyrirbærum. Reyndist örnámskeiðsfyrirbærið skilvirk leið til að breiða út fagnaðarerindið og aðsóknin undirstrikar áhuga starfsmanna á að reyna að fylgja þróuninni eftir af fremsta megni.

Í könnun SFR sem kom út nýverið kemur fram að starfsandi og ánægja starfsmanna meðal stórra ríkisstofnana er hvergi betri en í Fjölbautaskóli Suðurnesja. Má nokkuð auðveldlega fullyrða að slíkt hafi mjög jákvæð yfirfærsluáhrif á alla vinnu og kennsluhætti innan veggja skólans. Er afar ánægjulegt að starfa í jafn jákvæðu starfsumhverfi og niðurstöður könnunarinnar vitna um.

Kennslubækur og námsgögn

Hluti kennsluefnis kemur alltaf auðvitað að nokkru leyti frá kennurunum sjálfum sem hafa öðlast almennilega starfsreynslu og er sú raunin í FS. Prentað efni er á nokkru undanhaldi þó ekki megi vanmeta gæði þess. Rafrænt kennsluumhverfi, kennsluforrit og farsíminn frægi spila sífellt stærri hlutverk í innleiðingu námsefnis. Vægi kennarans sem slíks er ekki eins ákveðin stærð og verið hefur en persónuleg tengsl hans við nemendur er breyta sem vert væri að kanna ítarlega. Áhrif hins nýja eru vissulega merkjanleg og í sviðsljósinu en persónulegu tengslunum má ekki líta framhjá eða vanmeta.

Námsmat

Matsnefnd skólans gerði könnun á fjölbreytni námsmats við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Opinberir útsendarar töldu sig hafa komist að því að námsmatsaðferðir við skólann væru helst til einhæfar. Könnunin leiddi hins vegar í ljós að námsmatsaðferðir við skólann væru mjög fjölbreyttar sem að hluta til má kannski tengja innflæði nýjunga í kennsluháttum. Námsmatstilbrigði eru inn í samtalinu um námsmat.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Kristrún Guðmundsdóttir

20 einingar frá HÍ í safnafræði þetta skólaárið

Námskeið um sköpun í skólastarfi síðastliðið haust í Finnlandi



Frá gróðursetningu útskriftarnemenda vorið 2015.

Fundir

Margt stórra verkefna lá fyrir í upphafi árs. Ný heimasíða var í burðarliðnum, hugmyndir að skilvirkara stoðkerfi voru upp á borðinu, fagfundur með grunnskólakennurum svæðisins þann 27. janúar 2015 um afleiðingar nýrrar námskrár framhaldsskólans okkar á skólaumhverfið lá fyrir og prófaálagið voru t.d. verkefni fyrsta sviðsfundar málasviðsins við FS vorönnina 2015.

Að venju voru umræður sviðsfunda málasviðs málefnalegar og svo líflegar að iðulega varð fundarstjóri að klippa á í lokin, veitingar framúrskarandi og andinn almennt mjög góður. Margar góðar hugmyndir og tillögur skutu upp kollinum á vettvangi sviðsfunda málasviðs sem höfðu góð áhrif á skólamálaumræðuna innan veggja skólans.

Kaffihúsafundirnir svokölluðu eru fundarform sem virkja fleiri en hefðbundnir kennarafundir og njóta þeir vaxandi vinsælda þar sem þverfagleg umræða víkkar oft út þau sjónarhorn sem menn koma með á fundina.

Nauðsynlegt er að skipuleggja fundartíma vel og vandlega í kringum mikilvægi umræðuefnanna og brýna fyrir fundarstjórum að halda boltanum á lofti meðan á fundi stendur.

Veitingahefðin sem tengist fundum í FS skapar jákvæðni sem mjög sennilega leiðir af sér skemmtilegri starfsanda og skilvirkni funda. Ber að þakka bæði skólayfirvöldum fyrir sinn þátt sem og öllum starfsmönnum sem bera í hús ómælda ánægju í formi veitinga sem oft myndu sóma sér vel í stórveislum.

Innkaup og fjárveitingar

Enn eitt árið eru innkaup til málasvið nálægt núllinu. Bókakaup vegna verðlauna á útskriftum eru að vísu á sínum stað en annars er kyrrstaðan ríkjandi og e.t.v. áhyggjuefni. Aðhaldsumræðan undanfarin ár virðist hafa haft mótandi áhrif á þessu sviði sem er alls ekki bara jákvætt.

Að lokum

Óvenjumiklir umrótatímar hafa verið í gangi á liðnu skólaári. Ný námskrá fyrir skólann okkar hefur verið í vinnslu og nýtt vinnumat fær sína birtingarmynd á árinu. Nýir áfangar taka við af rötgrónum, alveg nýir líta dagsins ljós og enn aðrir hverfa á braut. Sitt sýnist hverjum um allt umrótið en framundan er þriggja ára framhaldsskóli til handa æsku landsins sem nægir henni vonandi sem undirbúningur fyrir komandi skólastig. Skólamálaumræðan hefur af þessum sökum verið óvenju mikil og vonandi verður lendingin til hagsbóta fyrir alla.

Kennsluárið tekur á og kaflaskilin verða afgerandi þegar iðandi sægur nemenda okkar hefur lokið önninni og horfið á vit sumarævintýrana. Stólar með lappirnar upp í loft ofan á borðum undirstrika jafnan að starfsemin sé aflögð í bili. Hefðbundin vorverk halda innreið sína þar sem hluti starfsmanna hellti sér í rútu í hina árlegu vorferð á sama tíma og tempóið innan veggja skólans breytist. Djúpa laugin bíður haustsins en þangað til leyfa menn sér að svamla um í þeirri grunnu.

Útkoma skólans í könnun SFR, nýtt vinnumat og skárra grunnkaup mun væntanlega gera endurkomuna í djúpu laugina síðsumars mun bærilegri. Nú á hins vegar að fara að bóna gólf kennarastofunnar svo kominn er tími á að hvolfu stólnum mínum ofan á borðið.

Axel Gísli Sigurbjörnsson, sviðsstjóri málavíðs, tók saman.



Jólapeysudagur haustið 2014.

8.2 Raungreinasvið

Kennarar :

Kennari	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Ása Valgerður Einarsdóttir	LOL203(6) HJÚ303(6) HJÚ403(6) SJÚ203(6)	LOL203(6) HJÚ503(6) LYF103(6) VIN305
Ásgeir Ólafur Pétursson	EÐL103(6) EÐL303(6) NÁT123(12) EÐL403(6)	EÐL103(12) EÐL203(6) NÁT123(6)
Daníel Símon Galves	STÆ202(12) STÆ122(12) FOR103(6) STÆ313(6)	STÆ202(12) STÆ313(6) GSF103(6) FOR203(6)
Gunnlaugur Sigurðsson	STÆ603(6) STÆ503(6) STÆ543(6) STÆ303(6) STÆ403(6) STÆ523(6)	STÆ703(6) STÆ543(6) STÆ403(12) STÆ303 (6)
Haukur Viðar Ægisson	NÁT123(12) NÁT103(6) STÆ102(6) LÍF103(6)	NÁT123(6) NÁT103(6) LÍF203(6) STÆ102(6) NÁT143(6)
Inga Lilja Eiríksdóttir	STÆ103(6)	STÆ203(6)
Harpa Kristín Einarsdóttir	NÁT106(9) NÁT103(12) LÍF113 (6)	NÁT103 (6) NÁT143(6) LÍF103(6) UMF103(6)
Jón Gunnar Schram	STÆ193(6) STÆ102 (12) STÆ122 (12)	STÆ102(12) STÆ122(6) STÆ202(6)
Jóhanna Elín Björnsdóttir	STÆ102(6) STÆ303(6) STÆ313(6) STÆ413(6) STÆ103(6)	STÆ122(12) STÆ313(6) STÆ413(6) STÆ203(6)
Sólveig Björk Granz	HJÚ103(6) SÝK103(6) HJV103(6) HBF103(6)	SJÚ103(6) HJÚ203(6) HBF103(6)
Ægir Sigurðsson	NÁT113(12) JAR103(6) KOR143(6)	NÁT113(18) JAR103(6)
Guðmundur G. Karlsson	EFN103(12) EFN203(6) EFN303 (6)	EFN103 (6) EFN203 (6) EFN313 (6) NÁT123(6)
Ragnheiður G. Gunnarsdóttir	STÆ203(12) STÆ403(6) STÆ303(6)	STÆ203(6) STÆ303(12) STÆ503(6)

Kennsluhættir

Í LYF 103 var tekið upp nýtt námsmat, könnun í lok hverrar viku,(vefpróf). Í HJÚ 503 var notað samanburðarforritið Turnitin í ritgerðarvinnu. Í VIN 305 var gerðr formlegur samningur við LSH um vinnustaðanám. Á haustönn var EÐL 403 kenndur í fyrsta sinn í manna minnum. Í EÐL 103 og 203 var notuð ný kennslubók frumsamin, bæklingur um exel fyrir verklegt nám og ein ný tilraun með nýjum tækjum, aðkeyptum og heimasmiðuðum. Í KOR 143 voru mikil afföll. Nokkrir fengu áfangann að hluta til metinn en áttu að skila verkefnum til að fá hann að fullu metinn. Enginn hefur skilað ennpá. Í LÍF 103 er meira verklegt en áður, Hópnum skipt í tvennt og helmingurinn gerir verkefni meðan hinir eru í verklegu. Í NÁT 143 bættist við vettvangsferð. Í öllum 100 og 200 áföngum í stæ var tekið upp nýtt námsmatsfyrirkomulag og er því lýst á eftirfarandi hátt í kennsluáætlunum:

Önninni er skipt í fjórar lotur. Eftir hverja lotu er gefin einkunn.

Í hverri lotu er:

Stöðupróf sem gildir 80%. Í stöðuprófinu er heimilt að vera með sína eigin vinnubók sem nemandinn hefur sjálfur skrifað.

Heimadæmi sem gildir 10 % og

hópverkefni sem gilda 10 %

Engin sjúkrapróf verða á önninni.

Hver lota gildir 0% eða 20% af lokaeinkunn. Lokapróf gildir 20%, 40%, 60%, 80% eða 100%. Nemandi ákveður í lokaprófinu hvað hann lætur lokaprófið gilda mikið. Ef nemandi hefur staðið sig vel í öllum lotunum getur hann látið lokaprófið gilda 20% á móti lotueinkunnunum. Ef nemandi hefur gengið illa í einni eða fleiri lotum eða hefur verið veikur þegar stöðupróf eru þá getur hann látið lokaprófið gilda meira. Dæmi: Nemandi fær lágt fyrir fyrstu lotu og hefur verið veikur þegar 3. stöðupróf er. Þá getur hann látið lokaprófið gilda 60% og látið lágu einkunnirnar detta út.

Til þess að ljúka áfanganum þarf nemandi að mæta í lokaprófið og fá að lágmarki 4,5 í lokaeinkunn fyrir önnina.

Námsmat

Námsmat á sviðinu byggir að mestu leyti á vinnueinkunn, sem samanstendur af heimaverkefnaskilum og stöðuprófum og lokaprófi. Einstaka greinar eru metnar með símati og byggir það á mætingu og vinnueinkunn.

Fundir

Sviðsfundir voru haldnir u.þ.b. mánaðarlega á skólaárinu þar sem til umræðu voru hin ýmsu málefni sviðsins. Góður andi ríkir á sviðinu þó svo menn séu ekki alltaf sammála um alla hluti. Fagfundir undir stjórn Ragnheiðar Gunnarsdóttur voru allnokkrir og voru þeir að mestu leiti notaðir til umræðna og frágang nýrra áfanga í stæ sem áætlað er að taki gildi haustið 2015.

Innkaup og fjárveitingar

Engin stórinnskaup á skólaárinu, einungis fjárútlát í almennan rekstur.

Að lokum

Það er óhætt að segja að skólaárið hafi gengið vel. Mikil vinna var lögð í skipulag nýrra áfanga sem áætlað er að hefji göngu sína næsta haust þegar ný námskrá tekur gildi. Stæ- og raungreinasvið hefur eins og önnur svið fundið fyrir fækkun nemenda í skólanum þó svo að við höfum haldið okkar hlut þokkalega. Samstarf á sviðinu var gott og kennarar áhugasamir um að gera sitt besta nemendum til hagsbóta.

Gunnlaugur Sigurðsson, sviðsstjóri stærðfræði- og raungreinasviðs, tók saman.



Frá Starfshlaupi vorið 2015.

8.3 Samfélagssvið

Kennarar

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Fjöldi tíma - vor
Þjóðbjörg Gunnarsdóttir	MAR 143 UTN F93 BÓK 213 STÆ 193 LKN 103 UTN T93 HAG 103	30	24
Kristjana H. Gunnarsdóttir	NÆR 103 LOL 103 ÍPR 1D1 ÍPR 2H1 ÍPR 102 HBF 103 UMU	29 (40 mín tímar)	29 +
Kolbrún Marelsdóttir	LKN 103 UMÖ 143 UMÖ 243	33	30
Gunnar Magnús Jónsson	ÍPR 103 ÍPR 113 ÍPR 1V1 ÍPR 2F1 ÍPR 2X1 ÍPG 102 ÍPR 1B1	21 x 55 mín.	30
Þórunn Friðriksdóttir	FÉL313	6	6
Bogi Ragnarsson	FÉL103 FÉL203 FÉL343	30	36
Guðbjörg Jónatansdóttir	SAG 103 SAG 203 SAG 303 SAG 363 (haust) SAG 353 (vor)	36	36

Guðni Kjartansson	ÍÞR 103 ÍÞR 113 ÍÞR 1V1 ÍÞR 2S1 ÚTI 101	5 X 55 mín	5 X 55 mín
Andrés Þ. Eyjólfsson	ÍÞR 1V1 ÍÞR 1D1 ÍÞR 2L1 ÍÞR 2Þ1 ÍÞR 1B1 ÍÞF 102 HBF 1S2 ÍÞS 122	24 x 55 mín.	23 x 55 mín
Hörður Ragnarsson	BÓK 103 BÓK 203	12	12
Bragi Einarsson	UTN 103 UTN 203 MYN 113	3x55 1x55 1x55	3x55 1x55 1x55
Elísabet Karlsdóttir	SÁL 103 SÁL 203 SÁL 213 SÁL 303 UPP 103	30 og sviðstjóri	24 og sviðstjóri
Ester Þórhallsdóttir	LAN 103 FÞJ 143 FÆR 937 FÆR 936 LKN 936	30	24
Hlynur Ó. Svavarsson	HAG 113 HAG 113 VIÐ 143 VIÐ 133 VIÐ 123	30	30

Kennsluhættir - eitthvað nýtt gert

LKN 103: Nota jafningjamat í ræðum og það hefur gefist vel.
ÚTI 101: Nemendur verða að ganga með mér 40 km. á önn til að ná.
ÍÞR 2S1: Nemendur verða að synda 6 km. á önn til að ná.
UTN og MYL: Verkefnavinna í tímum.
SÁL 303: Leiðsagnarmat í heimildaritgerð, notaði turnitin í fyrsta sinn og gaf það góðan árangur og kenndi nemendum að taka ekki texta óbreyttan úr heimildum.
UPP 103: Jafningjamat í bæklingagerð, gefst vel.

Kennslubækur og námsgögn

Ferð til fjár.
FÉL 103: Ný kennslubók Einstaklingur og samfélag.
Reynist ágætlega.
LAN 103: Engin kennslubók og áhersla á verkefni.
Ný bók í Hag 103. Auður eftir Ingu L Gylfadóttur.
Fjármál 1 VIÐ 123 Ný bók Fjármál 1 eftir Ásgeir Valdimarsson.

Námsmat

Krossapróf á Moodle, kaflapróf á moodle, verkefni.
Kaflapróf í tímum.
Ritgerðir og kynningar nema, sjálfsmat nema, blönduð verkefni.
Símatsáfangar.
Símatsáfangar og lokapróf fyrir þá sem ekki náðu að uppfylla skilyrði til símats.
Leiðsagnarmat. Jafningjamat. Vettvangsferðir. Bæklingagerð.
Sem sagt fjölbreytt námsmat í gangi á sviðinu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Nafn kennara	Námskeið
Kristjana H. Gunnarsdóttir	Netnámskeið - um styrktarþjálfun, mælingar
Kolbrún Marelsdóttir	Kynjafræði (framhald) Fjármálalæsi
Þórunn Friðriksdóttir	2 námskeið hjá Endurmenntun
Elísabet Karlsdóttir	Skjápýðingar - þýðing úr ensku - Endurmenntun
Bragi Einarsson	Félag íslenskra myndmenntakennara

Fundir

Sviðsfundir voru 11 á skólaárinu, sá fyrsti í byrjun haustannar 19. ágúst og sá síðasti stuttu fyrir lok vorannar 9. apríl. Fóru þar fram venjubundin störf eins og að safna upplýsingum fyrir stoðtíma kennara og viðtalstíma. Ræða um gerð og frágang kennsluáætlana, próf, prófagerð og samræmi í yfirferð prófa ásamt því að fara yfir niðurstöður prófa á sviðinu. Á hvorri önn voru teknir saman áfangar í boði fyrir næstu önn á eftir og kennarar minntir á að fylla inn bókalista. Einnig komu fram ýmsar fyrirspurnir til stjórnenda og boð fóru á milli stjórnenda og kennara.

Rætt var um nöfn á nýju stúdentsbrautunum, og nokkur tími fór í umræður um nýju námsskrána og vinnu í sambandi við hana. Í nýrri námskrá þarf að gæta að víðsýni og fjölbreytni, sjá til að nemendur verði undirbúnir bæði fyrir lífið og frekara nám og svo þyrftum við að fylgjast með nemendum okkar að náminu loknu til að sjá hvernig þeim vegnar. Einn sviðsfundur fór í að ræða niðurstöður kaffihúsafundar um hvernig best væri að nýta samráðsfundi, safna hugmyndum um fræðslufundi og stinga upp á efni í þróunarvinnu. Annar fór í að ræða eftirfylgni frá kennarafundi, hvernig hægt væri að bæta metnað, auka árangur og mætingar. Sem sagt fjölbreytt umræðuefni á sviðsfundum.

Nokkuð var rætt um prófaálag á nemendur og ýmsir möguleikar ræddir um hvernig mætti jafna það. Niðurstaða sviðsins var sú að hver stuðull fengi próftíma (dag og stuðul) á tveggja vikna fresti sem var síðan notaður eftir þörfum til að koma í veg fyrir árekstra við önnur próf.

Rætt um þá hugmynd að setja litlu námskeiðin (föstudagsnámskeiðin) inn í framgangskerfið og fékk það góðar undirtektir á sviðsfundum á samfélagssviði. Einnig var rætt um hvort ekki væri möguleiki að nemendur í félagsstarfi skólans fengju vinnu sína þar metna til eininga.

Almennt var mjög vel mætt á sviðsfundina hér á samfélags- og viðskiptasviði og kennarar jákvæðir.

Á árinu voru síðan fagfundir nokkuð oft, kennarafundir og kaffihúsafundir sem allir tóku þátt í.

Heimsóknir - kennarar

HBF 103 - Fengum ljósmóðir til að fjalla um þungun. Unga dömu sem sagði frá átröskun. Tvo einstaklinga frá Lundi til að fjalla um fíkn.

LKN 103 - Fengum heimsókn frá Ástráði, félagi læknanema, Bjargráði félag læknanema, Hugarafi (geðrækt) Fjármálafræðsla Landsbankans, Erla prestur sorgin og gleðin, Samgöngustofa vegna umferðarfræðslu. 88-húsið vegna umferðarfræðslu.

UTN 103 - Heimsókn í FB í nóvember.

Að lokum

Sviðsstjórar og umsjónarkennarar mættu á foreldrafund í upphafi skólaárs, og sviðsstjórar mæta síðan ætíð með útskriftarnemendum í skógrækt FS, þar sem útskriftarnemar planta trjám í FS lundinn. Sviðsstjórar sjá síðan um að stjórna kennarafundum til skiptis og stýra hópum á kaffihúsafundum.

Góð samskipti hafa verið á sviðinu eins og ævinlega og förum við nú sátt í sumarfrí.

Elísabet Karlsdóttir, sviðsstjóri samfélagssviðs, tók saman.



Guðrún Pálína Karlsdóttir sigurvegari Hljóðnemans vorið 2015.

8.4 Tæknisvið

Kennarar:

Kennari	Áfangar	Fjöldi tíma - haust	Áfangar	Fjöldi tíma - vor
Bragi Einarsson	UTN 103-203	26		
Íris Jónsdóttir	MYN 103 SJL 103 SJL 203 MYL 403 MYL 504 ITH 103	30	MYN 103 MYL 103 MYL 213 MYL 603 ITH 203	30
Ásdís Björk Pálmadóttir	HGR 103 PEM 102 BLS 101 IFH 103 HPS 101 KLP 103	24	HGR 203 PEM 202 BLS 201 KLP 202 HLI 101 IFH 203	24
Rósa Guðmundsdóttir	VSH 103 HUV 243 UST 143 UST 343	30	FOR143 UST343 HUV143 WIN103	24
Hildur Skúladóttir	TÆK 103 TÆK 303 CNA 203 TUS 193 TNT 102	30	TÆK 203 CNA 103 CNA 303 NET 143 TNT 202	28
Björn Sturlaugsson	EFG 103 FRV 103 GRT 103 GRT 193 GRT 203 TTÖ 103	30	GRT 103 GRT 203 GRT 193 GRT 293 TEH 103 INK 102 VTS 103 ITM 113 P-áfangi	28
Arnar Stefánsson	RAF 353 RAF 143 LÝS 103 STR 302	22	RAF 193 RAF 143 RAF 453 HVI 193	24

Katrín Sigurðardóttir	THL 103 203 303 213 136	24	THL 103 136 173 203 303 HÖN 103	28
Björgvin Jónsson	RAL 202 RAL 403 RRV 203 STR 203 VSM 103	28	RAL 203 403 RRV 203 VSM 103 STR203	30
Ólafur Baldvin Sigurðsson	RAM103 RAM302 VGR102 VGR303 VSM203	28	TNT 403 RTM 102 RAM 203 VGR 202 VGR 402	18
Ingibjörg Böðvarsdóttir			SPÆ 203 MYS 103 LSM 196 FOH 193	24
Ellert Smári Kristbergsson	FOR303 VSH303 GSÖ303 FOR213	30	FOR 403 FOR 503 FOR 191 LEF 103 LIN 103 VEF 103 UST 403 VSH 203	30
Jónas Eydal Ármannsson	MOV 193 SMÍ 104 LSU 102 EFM 102 VRK 143	28	VIS 102 VIR 104 HVI 193 REN 103 ITM 113	22
Gunnar Valdimarsson	TIH 10A ÚVH 102 HÚS 193 SSM 196	36	TRÉ 109 INR 106 GLU 104 SSM 196	30
Ágúst Eiríksson	SUÐ 193 HSU 202 SSM 196 MOV 1S1 LSU 102 MOV 193 RSU 102	32	RSU 102 SSM 196 SUÐ 193x2 HSU 102 LSU 102	30

Garðar Þór Garðarsson	RAM 502 RAL 704 RLT 102 FRL 203 STR 503 RAM 702	32	RAM 602 RAL 603 FRL 103 STR 402 STR 603 skert. RLT 202 FRL 203 ut VLV 103 ut	28
Ívar Valbergsson	KÆL 122 STÝ 102 VST103 VST304 VST 403	28	VST 204 312 VTÆ 102 KÆL 202	18
Guðmundur R. Lúðvíksson	LIM 103 113 FOH 193 LSM 196	24		
Bryndís Knútsdóttir	TÁR 193	6	HÁR 193	6
Jón Ingvar Pálsson	HÖS102	4	HÖS 202	4
Sigurður Ingi Kristófersson	VFR113	6		

Kennsluhættir

Bragi Einarsson - Nem. vinna eftir kennslubók.

Íris Jónsdóttir - Sýnikennsla/learning by doing ;)

Ásdís B Pálmadóttir - Sýnikennsla-learning by doing-DVDkennsla-bókleg kennsla.

Katrín Sigurðardóttir - Sýnikennsla, stuttir fyrirlestrar-innlagnir-verkleg vinna.

Björgvin Jónsson - Sýnikennsla, stuttir fyrirlestrar-innlagnir-verkleg vinna.

Ólafur Baldvin Sigurðsson - Fyrirlestra, innlögn, verkefnavinna og tilraunir.

Björn Sturlaugsson - Verkefnavinna og fyrirlestrar.

Ellert Smári - 90% verkefnavinna og 10% fyrirlestrar önnur innlögn gegnum Moodle.

Rósa Guðmundsdóttir - Fyrirlestrar, verklegir tímar, verkefnavinna, hópavinna, sýnikennsla.

Hildur Skúladóttir - Verkefnavinna, stuttir fyrirlestrar, verklegir tímar.

Gunnar Valdimasson - Fyrirlestrar, innlagnir verkleg kennsla og einstaklings miðuð.

Ágúst Einarsson - Fyrirlestrar, innlagnir verkleg kennsla og einstaklings miðuð og bókleg kennsla.

Garðar Þór Garðarsson - Fyrirlestrar, sýnikennsla, leiðsagnarkennsla, hópavinna og fl.

Kennslubækur og námsgögn

Bragi Einarsson - Office 2013 UTN og Tölvunotkun.

Íris Jónsdóttir - Ljósrituð hefti sem kennari útbýr, tímarit, bækur og netið.

Ásdís Björk Pálmadóttir - Pivot-Point kennslubækurnar 4, Hársnyrting undirstöðuatriði.

Katrín Sigurðardóttir - Snið-og sniðteikningar þýdd af Ásdísi Jóelsdóttur.

Björgvin Jónsson - Ljósrituð hefti sem kennari útbýr, tímarit, bækur og netið.

Björn Sturlaugsson - Kennslubækur sem tileinkaðar eru þeim fögum sem viðkomandi hefur verið að kenna s.s. GRT 103, 203, Véltrésmíði 1 IÐNÚ, Inniklæðningar IÐNÚ og efni frá kennara.

Ellert Smári Kristbergsson - Allt námsefni af netinu.

Rósa Guðmundsdóttir - Microsoft Technology Academy, staðlað námsefni gefið út af Microsoft, kennsluefni af internetinu ásamt námsefni sem kennari útbýr.

Hildur Skúladóttir - Cisco námsefni lesefni og verkefni, Packet Tracer gagnvirkur hermir, námsefni sem kennari útbýr.

Gunnar Valdimarsson - Timburhús, Einangrun, Útveggjaklæðningar og efni frá kennara í ýmsum greinum.

Ágúst Eiríksson - Kennslubækur Hlífðargassuða Iðnú. Plötusmíði 1. Iðnú, Plötusmíði 2. Iðnú.

Námsmat

Bragi Einarsson - Símat og kaflapróf.

Íris Jónsdóttir - Símat.

Ásdís Björk Pálmadóttir - Símat og lokapróf.

Katrín Sigurðardóttir - Símat- heimapróf-próf í tíma.

Björgvin Jónsson - Símat og lokapróf.

Björn Sturlaugsson - Símat, kaflapróf og í sumum tilfellum lokapróf þó ekki í próftöflu.

Ellert Smári - Símat með lokaverkefni.

Rósa Guðmundsdóttir - Verkefnamiðað símat og leiðsagnarmat.

Hildur Skúladóttir - Verkefnamiðað símat og próf.

Gunnar Valdimarsson - Símat og verkefnamat.

Ágúst Eiríksson - Símat og verkefnamat í sumum tilfellum lokapróf í próftöflu.

Garðar Þór Garðarsson - Próf, verkefni, leiðsagnarmat, símat, lokapróf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt	
Nafn kennara	Námskeið
Íris Jónsdóttir	Fab-lab námskeið í ágúst 2014
Ásdís Björk Pálmadóttir	Hársnyrtinámskeið fagkennarafélagsins Endurmenntun HÍ
Rósa Guðmundsdóttir	MSc - Instructional Design & Technology - online learning, júlí 2014
Katrín Sigurðardóttir	FAB-Lab námsskeið í ágúst FAB-LAB námsskeið í desember
Björn Sturlaugsson	Námskeið í ljósmyndun á vegum endurm. HÍ
Gunnar Valdimarsson	Gæðastjórnun einyrkja og undirverktaka Brunaþéttingar Sika þéttiefni fyrir byggingamenn

Starfshópar á vegum ráðuneytisins
Námskrárgerð í hársnyrtingu með 1 fulltrúa frá öllum skólum sem kenna hársnyrtingu á Íslandi.

Erindi
Gunnar Valdimarsson - kynning á vegum Samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara vegna verknámskennara.

Styrkir
Katrín Sigurðardóttir - styrkur til að undirbúa áfanga HÖN 103 frá þróunarsjóði kr. 400.000 Rafiðnaðardeildin fékk að gjöf frá Smith og Norland, sex stýrivélar frá Simens hugbúnaði fyrir PC vélar.

Fundir

Sviðsfundir

- Sviðsfundir voru um það bil einu sinni í mánuði. Fyrsti fundur annarinnar hófst að venju heima hjá sviðsstjóra og þar er farið yfir málin eins og kennsluáætlanir og fleira. Ekki síður mikilvægt að hittast og hrista hópinn saman.
- Hefðbundin störf á sviðsfundum eru t.d. að taka saman áfanga í boði, kennsluáætlanir, samræming prófa og prófagerðar, bókalisti, fjárhagsáætlun og fl.
- Á sviðsfundum var ný skólanámsskrá mikið til umræðu og nýtt kerfi sem tekur við fyrir nýnemana okkar næsta haust. Rætt um að það verður verknámsáfangi fyrir stúdentsbrautir og að þeir áfangar af tæknisviði verði að vera góð kynning á verknámi.
- Umræða fór fram um vinnumat og reiknilíkanið.
- Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri heimsótti sviðið og fór yfir verklagsreglur varðandi innkaup og kvittun reikninga og þ.h. en það þarf reglulega að fara yfir þessi mál.
- Rætt var um prófaálag á nemendum og að nemendur þurfi að fara í mörg próf á dag og leiðir til þess að bregðast við þessu.
- Spáð var í stoð, þá tíma sem nemendur hafa til þess að leita sér aðstoðar hjá kennurum sínum og velt upp hvort það ætti eitthvað að breyta þessu kerfi. Og þá hvort það þurfi að breyta stokkatöflunni þannig að kennsludagurinn verði samfelldari.
- Verknámskennarar fóru með námsráðgjöfum í grunnskólana til þess að geta svarað spurningum sem gætu komið upp varðandi verknám sviðsfundur voru nýttur til þess að skipuleggja þetta og tókst að mestu að gera þetta án þess að það skaraðist á við kennslu í FS. Verknámskennarar voru almennt ánægðir með kynningu námsráðgjafa og aðstoðarskólameistara.
- Þar sem fyrirhuguð er vorferð starfsmanna í FS vorið 2016 var gerð könnun á hvert fólk vildi fara. Ýmsar tillögur komu fram en fólk talaði almennt um að fara til heitari landa.
- Á sviðsfundum skiptist fólk á að koma með veitingar sem hefur reynst afar jákvætt.

Rósa Guðmundsdóttir - Menntaþing Iðnmenntar

Hildur Skúladóttir - Menntadagur samtaka Iðnaðarins

Gunnar Valdimarsson - Menntadagur Samtaka Iðnaðarins

Ársfundur Samtaka Atvinnulífsins

Menntaþing Iðnmenntar / IÐNÚ

Katrín Sigurðardóttir - Menntadagur Samtaka Iðnaðarins

Iðnþing 2015

Heimsóknir

Keilir - kynning á tækninámi

Ásdís Björk Pálmadóttir, Katrín Sigurðardóttir, Björn Sturlaugsson

Heimsókn til ISAVIA með hóp nemenda af Tölvuþjónustubraut

Gunnar Valdimarsson - Heimsóknir í leikskóla með smíðahluti úr SSM 196

Ágúst Eiríksson - Heimsóknir í leikskóla með smíðahluti úr SSM 196

Innkaup og fjárveitingar

Rekstraráætlun hársnyrtideildarinnar

Rekstraráætlun fatagerðar

Öll eðlileg innkaup tréiðna, ný loftpressa fyrir iðndeildir

Að lokum

Á tæknisviði gekk samstarfið vel.

Katrín Sigurðardóttir, sviðsstjóri tæknisviðs, tók saman.



Nemendur smíðasmiðju afhenda gjafir á leikskóla.

8.5 Starfsbraut

Kennarar og annað starfsfólk

Kennari	Fjöldi tíma	Áfangar á haustönn	Áfangar á vorönn
Ásta Birna Ólafsdóttir	100% staða	Enska (3 hópar), starfsnám, lífsleikni, skipulögð vinnubrögð.	Enska (2 hópar), ökunám (2hópar), námstækni, skipulögð vinnubrögð og starfsnám
Birna Ármey Þorsteinsdóttir	100% staða	Lífsleikni, íslenska, stærðfræði, enska, samfélagsfræði, starfsnám, kvikmyndasaga og skipulögð vinnubrögð	Listir, íslenska, lífsleikni, starfsnám, skipulögð vinnubrögð, lokaáfangi og íþróttir.
Ingigerður Sæmundsdóttir	15 kennslust. á viku	Stærðfræði, starfsnám, lífsleikni	12,5 kennslustundir á viku. Stærðfræði, lífsleikni, starfsnám.
Magnús Einþór Áskelsson	100% staða	Lífsleikni, starfsnám, stærðfræði, kvikmyndasaga, enska og heimilisfræði	Lífsleikni, starfsnám, íslenska, skipulögð vinnubrögð, íþróttir
Ólöf Bolladóttir	100% staða	Samfélagsfræði, heilbrigðisfræði, íslenska, skipulögð vinnubrögð, stærðfræði og heimilisfræði.	Listir, íþróttir, lífsleikni skipulögð vinnubrögð, LOK og starfsnám
Telma Rut Eiríksdóttir	100% staða	Starfsnám, stærðfræði, íslenska, samfélagsfræði, kvikmyndasaga, enska og heilbrigðisfræði.	Listir, íþróttir, lífsleikni, skipulögð vinnubrögð, starfsnám, íslenska og LOK
Þórunn Svava Róbertsdóttir	100% staða	Lífsleikni, íslenska (2 hópar), starfsnám, skipulögð vinnubrögð.	Íslenska (3 hópar), starfsnám, heimilisfræði og skipulögð vinnubrögð

Stuðningsfulltrúar

Aron E. Árnason	100% staða
Ásta Katrín Gestsdóttir	60% staða
Bjarni Þór Pálmason	100% staða
Eva Björg Sigurðardóttir	70% staða

Kennsluhættir

Á haustönn var boðið upp á tvær kennslustundir í viku þar sem áhersla var lögð á heimanámsaðstoð fyrir þá nemendur sem stunda nám á öðrum brautum en starfsbraut. Nemendur fengu aðstoð við að skipuleggja sig, aðstoð við heimanám og eftirfylgni með náminu. Þetta reyndist mjög vel og var ákveðið að fjölga kennslustundunum upp í þrjár á vorönn.

Alls stunduðu 16 nemendur af starfsbraut nám á öðrum brautum skólans. Alls voru 8 skráðir í námstækniáfangann þ.e. þeir nemendur sem komu því fyrir í stundarskrá og stunduðu bóklegt utanbrautar nám. Af þessum 16 nemendum voru flestir einungis í einu fagi utan starfsbrautarinnar og fjórir til fimm nemendur voru fleiri áföngum utan starfsbrautar. Námsgreinarnar sem nemendurnir sóttu af öðrum brautum í vetur voru; Lífsleikni 103 (4 nemendur) Enska 193 (2) Enska 202 (1) Enska 212 (1) líffræði 102 (1) Danska 193 (2) bókleg málmsuða (2) UTN (4) FOR (2) Íslenska 193 (1) ÍPR 1V1(2)

Á haustönn var gerð breyting á kennslu í íþróttum þar sem boðið var upp á fjölbreyttari valmöguleika, þ.e. nemendur gátu valið um að fara í almennan íþróttáafanga í íþróttasalnum, í lyftingar í lyftingarsal, í útigöngu eða í yoga og dans inni í kennslustofu. Eins voru útbúnar myndrænar leiðbeiningar með verklegum æfingum sem nemendur fengu með sér heim og gátu nýtt sér til upprifjunar, til heimaæfingar eða til að rifja upp og kenna öðrum.

Magnús og Telma Rut fóru í heimsókn í FB til að kynna sér íþróttakennslu með Ipad og fengu margar góðar hugmyndir. Gerðar voru nokkrar æfingaáætlanir og tókst að prófa þær í alls 3 kennslustundum, Internet tenging er ekki til staðar í íþróttahúsi, sá möguleiki gæti gert Ipad notkunina enn markvissari.

Margir kennarar notuðust við forritið Quizlet sem nýttist nemendum og kennurum mjög vel til upprifjunar á orðaforða eða námsefni. Kennarar nýttu sér Kahoot vefinn þar sem ýmis verkefni voru sett þar inn til þjálfunar/upprifjunar, einnig sem notast var við efni sem er til staðar á vefnum.

Nemendur fengu tækifæri til að fara í félagsmiðstöðina 88-húsið reglulega frá nóvember 2014 - apríl 2015 í þeim tilgangi að kynnast möguleikunum sem þar bjóðast til afþreyingar. Í hliðarherbergi í kennslustofu 221 voru lagðar dýnur yfir allt gólfíð í þeim tilgangi að bjóða upp á rými sem hægt er að stunda hugleiðslu og yoga. Einnig var þetta rými nýtt sem kennslurými þar sem nemendum var boðið upp á nám við óhefðbundnar aðstæður, s.s. liggja á dýnu og les/hlusta og/eða nema. Þetta reyndist mjög vel og tóku nemendur vel í þessa tilbreytingu á námsháttum.

Kennslubækur og námsgögn

Þórunn Svava Róbertsdóttir vann verkefnabækur í íslensku fyrir haust og vorönn. Á haustönn var unnið með bókina Bettý eftir Arnald Indriðason og verkefnabók útbúinn upp úr bókinni. Á vorönn var unnið með bókina Nóttin lifnar við eftir Þorgrím Þráinsson. Þórunn vann einnig lífsleikniverkefnabækur sem voru notaðar á skólaárinu. Þórunn Svava, Ásta Birna og Telma Rut unnu verkefnabækur í starfsnámi sem notaðar voru á skólaárinu. Ásta Birna útbjó verkefnahefti í ensku fyrir alla hópana á haustönn og verkefnahefti í ökunámi sem kennt var á vorönn. Magnús gerði verkefnabók um Vestamannaeyjar sem notuð var með hóp 1 í lífsleikni á vorönn. Ólöf Bolladóttir gerði verkefnabók sem notuð var í samfélagsfræði á haustönn með tveimur hópum. Telma Rut gerði vinnubók í stærðfræði fyrir hóp 1 á haustönn.

Kennarar á starfsbrautinni í Fjölbrautaskóla Vesturlands, Akranesi fengu afrit af fimm mismunandi lífsleiknibókum sem Þórunn Svava Róbertsdóttir hafði tekið saman. Einnig fengu þeir afrit af verkefnabókinni „Upp á líf og dauða“ eftir Jónínu Leósdóttur sem Þórunn Svava Róbertsdóttir tók saman. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ fékk afrit af starfsnámsbók fyrir nemendur á fyrsta ári í framhaldsskóla sem Ásta Birna og Þórunn Svava tóku saman. Fjölbrautaskólinn í Breiðholti fékk verkefnabækur í íslensku sem Þórunn Svava Róbertsdóttir hafði tekið saman. Emil I Emilsson, kennslustjóri á starfsbraut í Menntaskólanum á Ísafirði fékk afrit af heimilisfræðibók og verkefnum tengdum heimilisfræði, starfsnámi og stærðfræði.

Námsmat

Námsmatið var einstaklingsmiðað, s.s. leiðsagnarmat, jafningjamat, verkefnaskil, virkni í kennslustundum, mæting, sjálfsmat, ástundun og lokapróf. Regluleg endurgjöf frá kennara á vinnuframlag nemenda og verkefnaskil. Sú nýbreytni var höfð í íslensku og í starfsnámi fyrir nemendur á 3-4 ári að ef nemendur fengu 8 eða hærra í heimaverkefnum og kaflaprófum að þá sluppu þeir við lokaprófið sem fimm nemendur náðu að nýta sér. Skriflegt námsmat fyrir hvern og einn nemanda var unnið og afhent á prófsýnidag þar sem allir kennarar voru búnir að taka saman afrakstur annarinnar, meta hvort markmiðum hafi verið náð og gáfu jákvæðar og uppbyggilegar ráðleggingar til nemenda um tillögur um áframhaldandi námsframvindu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt	
Nafn kennara	Námskeið
Pórunn Svava Róbertsdóttir	<p>12.-13. ágúst 2014 frá kl. 09-16 Rafrænar kennsluhættir. Sumarnámskeið starfsbrautarkennara.</p> <p>8. september 2014 frá kl. 10:00-16:00 Málþing um skólamál, haldið á Grandhótel Reykjavík.</p> <p>8. september 2014 frá kl. 17:00-19:00. Opinn fundur Illuga Gunnarssyni m.a. um Hvítbóklina. Á fundinum kynnti menntamálaráðherra hugmyndir sínar um umbætur í menntun og hvernig hægt sé að bæta læsi og námsframvindu.</p> <p>9. október 2014. Námskeið hjá Dale Carnegie í samræðulist frá kl. 13:00-14:30.</p> <p>21. október 2014. Námskeið hjá Dale Carnegie í faglegri framkomu. Kl. 13:00-14:30.</p> <p>22. október - 26. Nóvember 2014. Stjórnendanámskeið hjá Dale Carnegie í sex skipti frá kl. 13:30-17:00.</p> <p>3. nóvember 2014. Fræðsludagur hjá sérkennarafélagi Íslands. Frá kl. 09:00-16:00.</p> <p>4. nóvember 2014. Námskeið hjá Dale Carnegie í viðhorfsstjórnun frá kl. 13:00-14:30.</p> <p>6. nóvember 2014. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem Jón Torfi kom í heimsókn. Erindið hans var m.a. um skilin á milli framhaldsskóla og háskóla. kl. 14:30 til kl. 16:25.</p> <p>21.-23. janúar 2015. BETT sýning í London.</p> <p>6. febrúar 2015. Jafnvægi vinnu og einkalífs - námskeið Dale Carnegie frá kl. 13:00-14:30.</p> <p>11. febrúar 2015. Valddreifing - námskeið Dale Carnegie frá kl. 08:30-10:00.</p> <p>12. febrúar 2015. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um Tækni í kennslu. Kl. 15:30-16:25.</p> <p>20. apríl 2015. Fyrirlestur hjá Vöndu Sigurgeirsdóttur um Samskipti, vináttu og einelti.</p> <p>6. maí 2015. Námskeið hjá Dale Carnegie. Vertu ósammála á jákvæðan hátt. Frá kl 08:30-10:00.</p>

<p>Telma Rut Eiríksdóttir</p>	<p>6. nóvember 2014. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem Jón Torfi kom í heimsókn. Erindið hans var m.a. um skilin á milli framhaldsskóla og háskóla. kl. 14:30 til kl. 16:25. Meistaránám í Jákvæðri sálfræði. Ágúst-desember Námskeiðið <i>Hugur, heilsa og heilsulæsi</i>. Ágúst- desember Námskeiðið <i>Lífsleikni- sjálfið</i>. 12. febrúar 2015. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um Tækni í kennslu. Kl. 15:30-16:25.</p>
<p>Magnús Einþór Áskelsson</p>	<p>6. nóvember 2014. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem Jón Torfi kom í heimsókn. Erindið hans var m.a. um skilin á milli framhaldsskóla og háskóla. kl. 14:30 til kl. 16:25. 12. febrúar 2015. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um Tækni í kennslu. Kl. 15:30-16:25.</p>
<p>Ólöf Bolladóttir</p>	<p>12.-13. ágúst frá kl. 09 -16 Rafrænir kennsluhættir. Sumarnámskeið starfsbrautarkennara. 8. september 2014 frá kl. 17:00-19:00. fundur hjá Illuga Gunnarssyni m.a. um Hvítbóklina. Á fundinum kynnti menntamálaráðherra hugmyndir sínar um umbætur í menntun og hvernig hægt sé að bæta læsi og námsframvindu. 14. október 2014. 14:00-16:00. Námskeið hjá Tölvumiðstöð fatlaðra „IPad í sérkennslu“. 6. nóvember 2014. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem Jón Torfi kom í heimsókn. Erindið hans var m.a. um skilin á milli framhaldsskóla og háskóla. kl. 14:30 til kl. 16:25. 7. nóvember. Kl. 14:00-18:00 og 8. Nóvember kl. 09:00-13:00. Skólaping um nemendur þátttakendur eða þiggjendur. 12. febrúar 2015. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um Tækni í kennslu. Kl. 15:30-16:25.</p>

<p>Ásta Birna Ólafsdóttir</p>	<p>3. nóvember 2014. Fræðsludagur hjá sérkennarafélagi Íslands. Frá kl. 09:00-16:00.</p> <p>6. nóvember 2014. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem Jón Torfi kom í heimsókn. Erindið hans var m.a. um skilin á milli framhaldsskóla og háskóla. kl. 14:30 til kl. 16:25.</p> <p>14. janúar 2015. Fagleg framkoma-námskeið Dale Carnegie frá kl. 20:00-21:30.</p> <p>21.-23. janúar 2015. BETT sýning í London.</p> <p>27. janúar. 2015. Markmiðasetning-námskeið Dale Carnegie frá kl. 20:00-21:30.</p> <p>29. janúar 2015. Tækifærissæður-Dale Carnegie frá kl.20:00-21:30.</p> <p>6. febrúar 2015. Jafnvægi vinnu og einkalífs - námskeið Dale Carnegie frá kl. 13:00-14:30.</p> <p>12. febrúar 2015. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um Tækni í kennslu. Kl. 15:30-16:25.</p> <p>14. apríl 2015. Allir þurfa þak yfir höfuðið-Ráðstefna um húsnæðismál fólks með þroskahömlun haldin á Grand hótél Reykjavík á vegum Landssamtakana Þorskahjálpar frá kl. 9:00-15:30.</p>
<p>Birna Ármey Þorsteinsdóttir</p>	<p>14. október 2014. 14:00-16:00. Námskeið hjá Tölvumiðstöð fatlaðra „IPad í sérkennslu“.</p> <p>6. nóvember 2014. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem Jón Torfi kom í heimsókn. Erindið hans var m.a. um skilin á milli framhaldsskóla og háskóla. kl. 14:30 til kl. 16:25.</p> <p>Meistaránám í fötlunarfærði við HÍ á haustönn 2014: Rekstrararhagfræði, markaðsbrestir og ríkisafskipti Kenningar og sjónarhorn í fötlunarfræði Lífshlaupið, sjálf og samfélag</p> <p>Meistaránám í fötlunarfærði við HÍ á vorönn 2015: Fötlun í menningu samtímans.</p>

Ingigerður Sæmundsdóttir	<p>6. nóvember 2014. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þar sem Jón Torfi kom í heimsókn. Erindið hans var m.a. um skilin á milli framhaldsskóla og háskóla. kl. 14:30 til kl. 16:25.</p> <p>8. janúar 2015 .Listin að hefja samræður Dale Carnegie námskeið frá kl. 20:00 - 21:30.</p> <p>14. janúar 2015. Fagleg framkoma-námskeið Dale Carnegie frá kl. 20:00-21:30.</p> <p>15. janúar 2015. Afreksþjálfun - ráðstefna frá kl. 17:00-21:00.</p> <p>27. janúar 2015 Markmiðasetning Dale Carnegie námskeið frá kl. 20:00 - 21:30.</p> <p>11.-28. febrúar. námskeið í kínverskri leikfimi. Qi gong. Sex skipti.</p> <p>12. febrúar 2015. Fyrirlestur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja um Tækni í kennslu. Kl. 15:30-16:25.</p> <p>Mars. UT Samspil námskeiðið.</p> <p>25. mars 2015 Að fóta sig í foreldrahlutverkinu. Erindi hjá Kristínu Lilliendhal.</p> <p>17.-18. apríl 2015. Íþróttaping ÍSí.</p>
Eva Björg Sigurðardóttir	BA-nám í tómsundafræði.
Ásta Katrín Gestsdóttir	BS-nám í viðskiptafræði.

Starfshópar á vegum ráðuneytisins

Þórunn Svava Róbertsdóttir var í ráðgjafahópi um íslenska hæfnirammann um menntun (fyrsta þrep). Unnið var að því að skilgreina hvar íslensk menntun flokkast á þrep og hvernig þau tengjast evrópska rammanum. Þórunn hélt stutt erindi um starfsbrautir í framhaldsskóla og var í undirbúningshópi fyrir vinnudag sem haldinn var 21. maí 2015.

Ásta Birna Ólafsdóttir situr í nefnd sem heitir Sérfræðiteymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk á vegum velferðarráðuneytisins. Þar situr hún ásamt 6 öðrum sérfræðingum í málefnum fatlaðra.

Styrkir

Fjöldi góðgerðafélaga hefur styrkt starfsbrautina í kaupum á Apple Spjaldtölvum og hulstrum og einnig hefur skólinn lagt okkur lið. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir þær gjafir sem við höfum fengið á skólaárinu:

ISAVIA	6 stykki og 6 hulstur	Nóvember 2014
Kvenfélagið í Vogunum	100.00 kr.	Nóvember 2014
Kvenfélagið í Njarðvík	600.000 kr.	Nóvember 2014
Kvenfélagið í Grindavík	1 stykki og hulstur	Desember 2014
Kvenfélagið í Keflavík	1 stykki og hulstur	Desember 2014
Lionsklúbburinn í Njarðvík	180.000 kr. (2 stk.)	Desember 2014
Soroptimistaklúbbur Keflavíkur	100.000 kr.	Febrúar 2015

Ípadarnir hafa nýst okkur vel í vetur. Starfsbrautin hefur nú til umráða alls 20 Ípada og eru 10 til viðbótar væntanlegir frá Lions klúbbunum á suðurnesjum. Kennarar settu sér ákveðnar vinnureglur með Ípadana sem gott hefur verið að fylgja. Nemendum er t.d. ekki heimilt að breyta stillingu Ípadana nema að fengnu leyfi og lokað er fyrir þá valmöguleika sem við erum ekki að nota. Þetta hefur ekki verið eins mikið vandamál og við áttum von á og það hefur sýnt sig að nemendum er mjög vel treystandi til að nýta Ípadana sem vinnutæki þar sem lagt var upp með slíkt alveg frá upphafi. Stöku sinnum hefur verið átt við myndavélar hafi þeim ekki verið lokað og eins hefur það komið upp að vekjarar hafa verið stilltir á hringingu sem getur verið bagalegt þegar um er að ræða svo mörg tæki þegar finna á rétta tækið til að slökkva á.

Nemendur í ensku á vorönn lásu smásögu sem þeir höfðu í Ípad og kom það einstaklega vel út. Með þessu móti getur nemandinn látið tölvuna lesa fyrir sig stök orð og texta til að heyra réttan framburð. Einnig getur nemandinn fengið útskýringar á ákveðnum orðum einungis með því að smella á orðið. Nemendur notuðu Quizlet forritið bæði í ensku og íslensku en það er forrit sem hjálpar nemendum að halda utan um minnisþunkta og glósur og æfa sig á efninu. Nemendur notuðu einnig smáforrit frá Brittish Council til þess að æfa sig í málfræði, málnotkun og orðaforða. Trello forritið var einnig aðgengilegt nemendum en það er forrit sem hjálpar til við skipulag og foragangsröðun.

Magnús og Telma fóru í Fjölbrautaskólann í Breiðholti til að kynna sér Trello og fleiri forrit í Íþróttakennslu á starfsbraut. Það verkefni á enn eftir að fara betur í gang. Í listum voru ýmis myndaförri notuð auk þess að nota Pinterest forritið þar sem nemendur geta fengið ýmsar hugmyndir af handavinnu og verkefnum í sköpum. Eitt af verkefnum var t.d. að endurvinnna gamla hluti og gefa þeim nýtt líf með því að laga þá til t.d. með því að mála þá í nýjum litum o.s.frv. og þá kom Pinterest forritið að góðum notum. Í vetur kynntumst við skemmtilegri vefsíðu Kahoot.it en þar geta nemendur farið í allskyns spurningarleiki sem þeir þá svara með gagnvirkum tækjum. Í þessari vinnu komu Ípadarnir sér vel og var þetta notað sem uppbrot í ýmsum kennslugreinum í vetur.

Í vetur kom í ljós að kennslustofa 212 er ekki nógu hentug fyrir spjalddölvuvinnu þar sem netsambandið þar er ekki nógu gott og erfitt að útfæra bót þar á. Það er því mikilvægt að skoða það á næstu önn að velja aðra kennslustofu sem hentar okkur betur.

Nemar - gestir

10.-21. nóvember komu 6 nemendur og fjórir kennarar frá starfsnámskólanum Kespustuiston í Helsinki í Finnlandi í heimsókn og kynntu sér nám og starf á brautinni.
27. janúar komu nemendur frá Njarðvíkurskóla í heimsókn og kynntu sér nám á brautinni
20. febrúar komu þrír þroskaþjálfanemar á fyrsta ári og kynntu sér nám og starfshætti á brautinni.
24. febrúar 2 nemendur frá Grunnskólanum í Sandgerði í heimsókn.
3. mars 1 nemandi frá Grunnskólanum í Sandgerði í heimsókn.
9. mars komu kennarar af starfsbrautinni í Fjölbautaskólanum við Ármúla og kynntu sér kennsluhætti og námsefni.
9. apríl. og 16. apríl komu nemendur úr Holtaskóla og kynntu sér námið ásamt kennurum
10. apríl komu fjórir nemendur og þrír starfsmenn frá Grunnskólanum í Grindavík og kynntu sér námið á brautinni.
17. apríl kom nemandi úr Grunnskóla Grindavíkur ásamt tveimur starfsmönnum og vann hann nokkur verkefni og skoðaði skólaumhverfið.
12. maí kom námsráðgjafi, deildarstjóri sérkennslu og sérkennari í Holtaskóla í heimsókn í þeim tilgangi að skipuleggja tilfærslu nemenda á milli skólastiga.
12. maí kom nemenda úr Njarðvíkurskóla með foreldri, deildarstjóra sérkennslu og námsráðgjafa og kynntu sér námið á brautinni. Ákveðið var að nemandinn kæmi aftur 17. ágúst og hitti sviðsstjóra í þeim tilgangi að efla öryggi nemandans og minnka feimni og kvíða fyrir upphaf skólagöngu.

Erindi

9. mars 2015. Hélt Ásta Birna fyrirlestur fyrir kennara og foreldra barna í 7 sérdeildum grunnskóla Reykjavíkur, Hafnafjarðar og Kópavogs um hagnýta kennsluhætti fyrir einhverfa nemendur frá kl.16:00-18:00.

Innkaup og fjárveitingar

Keyptar voru 25 mm. Þykkar dýnur sem settar voru yfir allt gólfið í hliðarherbergi í stofu 221. Áskrift af skólavefnum var hætt en í staðin gerðumst við áskrifandi af síðunni Fróðleikur, 123 skóli.is. Þrisvar sinnum á skólaárinu var leigð rúta fyrir hópinn, þ.e. á haustönn var farið í vettvangsferð, m.a. með gesti frá Finnlandi og á vorönn var farið á hæfileikakeppni í mars og í vorferð um Suðurnesin í apríl.

Starfsnám

Fjölmörg fyrirtæki tóku á móti nemendum í starfsnám til sín á þessu skólaári. Nemendur á 1. og 2. ári fóru í stuttar vettvangsferðir út í fyrirtæki eins og flugstöð Leifs Eiríkssonar, Sigurjónsbakarí, SS bílaleigu og á ljósmyndastofu. En nemendur á 3. og 4. ári fóru í fjórar til sex vikur með eða án stuðningi í fyrirtæki s.s. í leikskóla, Dósasel, Bláa lónið, frístundaheimili, N1, Nettó, hárgreiðslustofu, öldrunarheimili og veitingarstaði.

Fundir

Haldnir voru sviðs- og kennarafundir að meðaltali einu sinni í mánuði. Kaffihúsafundir voru um stoðið, þemadaga og fundartíma, ásamt vikulegum fagfundum brautarinnar. Í fundartíma á föstudögum voru ýmist fagfundir, umsjónarfundir eða námskeið sem starfsfólk nýtti sér mjög vel. Nokkrir fundir voru haldnir með Greiningar- og ráðgjafastöð Ríkisins, grunnskólunum á svæðinu, atvinnurekendum (sem tengdist starfsnámi nemanda) og félagsþjónustum á svæðinu.

Sú nýbreytni var að halda sviðsfund alveg í lok annar og var þá önnin gerð upp, þ.e. farið yfir það sem vel var gert og rætt hvað betur mætti fara. Þetta kom einstaklega vel út og verður eflaust áframhald á þessum vinnubrögðum.

Námsráðgjafi og sérkennarar frá Holtaskóla óskuðu eftir því að setja niður vinnulag um samstarf milli skólastiga og var þá ákveðið að nemendur kæmu í heimsókn eftir þörfum á vorönn (með kennara sínum) og síðan færi sviðsstjóri starfsbrautar á fund úti í Holtaskóla í þriðju vikunni í maí og fengi upplýsingar um stöðu hvers og eins með formlegum skilafundi. Sama ferli var gert með Gunnskólanum í Grindavík og Njarðvíkur og vonandi eiga þetta eftir að vera vinnubrögð sem eiga eftir að festast í sessi með hagsmuni nemenda okkar í huga.

Heimsóknir

Við fengum góða gesti á opið hús sem haldið var 18. nóvember á haustönn og 11. mars á vorönn.

16. mars hitti Þórunn kennslustjóra starfsbrautarinnar í FB og kynnti sér áherslur í námi á starfsbrautinni þar.

17. mars fóru Magnús og Telma í heimsókn á starfsbrautina í FB og kynntu sér notkun Ipads í íþróttakennslu.

Farið var í þrjár rútuferðir á skólaárinu, þ.e. í nóvember var farið í vettvangsferð með nemendum frá Finnlandi, farið var til Reykjavíkur og miðborgin skoðuð, þ.e. Hallgrímskirkja, Ráðhús Reykjavíkur, Harpan og síðan var endað í hádegismat í Smáralind. Þann 19. mars var hæfileikakeppni starfsbrauta þar sem 16 nemendur og fimm starfsmenn af starfsbraut fóru með rútu í Fjölbrautaskólann í Garðabæ.

Vorferðin var síðan farin mánudaginn 27. apríl en þá voru Suðurnesin skoðuð og stoppað var m.a. við brúnna á milli heimsálfa, Gunnhver, Reykjanesvita, Bláa Lóninu og borðað var á pítsustaðnum Papas í Grindavík og heimsótt Róbert Ragnarsson, bæjarstjóra Grindavíkur. Fimm kennarar/starfsmenn fóru í heimsóknir í grunnskóla Grindavíkur í þeim tilgangi að fylgjast með og kynnast vinnubrögðum með nemanda sem er væntanlegur í haust.

Þórunn Svava Róbertsdóttir sótti skilafundi í maí með þremur grunnskólum á svæðinu.

Sex starfsmenn á brautinni tóku sig saman og fóru á leiksýninguna **Þú kemst þinn veg**, eftir Finnþoga Þorkel Jónsson. Verkið byggir á veruleika Garðars Sölva Helgasonar sem glímt hefur við geðklofa um árabíl en hefur tekist að lifa góðu lífi þrátt fyrir erfiðleika með hjálp umbunarkerfis sem hann hefur þróað með sjálfum sér um langt skeið.

Að lokum

Ánægjulegum vetri er senn að ljúka. Nemendur og kennarar hafa unnið markvisst að því að efla þekkingu, leikni og hæfni sína í námi og í starfi. Námskrá brautarinnar (samvinnuverkefni hjá FS, FÁ og VMA) var samþykkt af ráðuneytinu á vorönn og er nú opinber á veraldarvefnum. Gaman er að segja frá því að þetta var fyrsta starfsbrautarlýsingin sem var samþykkt.

Nemendahóparnir voru margir og mismunandi, oftast var nemendum skipt í þrjá hóp og síðan var þeim stundum skipt innbyrðis í þessum hópum. Mikilvægt er að hafa sveigjanleika í nemendahópnum og varast það að niðurnjörva hópana um of. Að mörgu var að hyggja og unnið var að metnaði að því að mæta þörfum hvers og eins. Áhersla var á að hafa námsumhverfið skapandi og aðlaðandi fyrir nemendur og kennara. Einn nemandi útskrifaðist um jólin og níu nemendur útskrifuðust á vorönn 2015. Það verður söknuður á eftir útskriftarnemendum og vonandi eiga þeir eftir að vera virkir þátttakendur í samfélaginu að námi loknu.

Þórunn Svava Róbertsdóttir, sviðsstjóri starfsbrautar, tók saman.

9. Skýrsla bókasafns

Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 m² húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari/ljósritunarvél. Allur kostur safnsins er skráður í bókasafnskerfið MetraBók. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Marianna Einarsdóttir bókavörður.

Skólaárið 2014-2015

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls var safnið því opið 41 tíma í viku. Aðsókn af safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánnum hefur fækkað heldur undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru fleiri. Það er m.a. vegna breyttra kennsluaðferða en nemendur nota heimildir minna en áður en vinna meira sjálfir og nota þá aðstöðu, búnað og safngögn á staðnum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista. Á vorönninni fékk safnið aðild að Gegni, landskerfi bókasafna. Byrjað var að skrá safnkostinn í Gegni og var því að mestu lokið þegar skólaárinu lauk. Á næsta skólaári er stefnt að því að taka Gegni í notkun að fullu sem mun breyta miklu varðandi safnið og aðgengi notenda að því.

Aðföng og safnkostur

	Aðföng 2014- 2015	Safnkostur	Aðföng 2014-2015	
Bækur	110	16.648	Keypt	106
Myndefni	20	1.065	Aðsent	3
Hljóðefni	0	247	Gjafir	21
Hljóðbækur	0	69		
Margmiðlunardiskar	0	33	Kennslubækur	13
Annað	0	11		
Afskrifað: 692				
Samtals	130	18.073		

Aðföng - efnisflokkar

000 Almennt efni	0	500 Raunvísindi	7
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	8	600 Tækni, vísindi, framleiðsla	11
200 Trúarbrögð	1	700 Listir, skemmtanir, íþróttir	17
300 Samfélagsfræðigreinar	17	800 Bókmenntir	50
400 Tungumál	4	900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	15

Tímaritaáskriftir: 32

Auk þess berast safninu nokkur ókeyps tímarit auk fréttá- og dreifibréfa.

Útlán

000 Almennt efni	4
100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði	35
200 Trúarbrögð	4
300 Samfélagsfræðigreinar	54
400 Tungumál	7
500 Raunvísindi	48
600 Tækni, vísindi, framleiðsla	47
700 Listir, skemmtanir, íþróttir	93
800 Bókmenntir	325
900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur	87
Samtals	702

Millisafnalán: 4

Lán innan safns/skóla: 1.001 (haustönn 496, vorönn 505)

Guðmann Kristþórsson, bókasafnsfræðingur, tók saman.

10. Skýrsla námsráðgjafa

Inngangur

Á skólaárinu voru þrír námsráðgjafar starfandi við skólann. Arndís Harpa og Guðrún Jóna voru í 100% stöðu, Sunna var í 70% stöðu. Sesselja Bogadóttir var í barnsburðarleyfi og leysti Arndís hana af. Nemendafjöldi á haustönn 2014 var u.þ.b. 950.

Á vorönn 2015 voru nemendur u.þ.b. 950.

Grunnskólanemar voru u.þ.b.60 báðar annir.

Verkaskipting námsráðgjafa

Guðrún Jóna hélt utan mætingar nemenda ásamt Þórunni mætingastjóra. Hún sá um námstækninámskeið á haustönn. Hún sá einnig um aðstoðarlistann og kom upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með raskanir. Guðrún Jóna tók einnig viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi. Guðrún Jóna sá einnig um áhugasviðskannanir.

Sunna hefur haft umsjón með nemendum sem eru með ofvirkni og/eða athyglisbrest og boðið þeim upp á sérstaka aðstoð t.d. við að halda utan um námið. Sunna var með námstækni fyrir íþróttafreksbraut á haustönn. Hún hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf. Arndís og Guðrún Jóna héldu námstækninámskeið á haustönn og tímastjórnunar- skipulags og minnistækninámskeið fyrir alla nýnema, í lífsleiknitímum á vorönn.

Sunna sá um námstækninámskeið á vorönn. Sunna hafði umsjón með fornáms- og færnihópum. Guðrún Jóna sá um að uppfæra „aðstoðarlista“ fyrir kennara, vegna greininga nemenda, í upphafi beggja anna. Arndís hélt, í samvinnu við hina námsráðgjafana, utan um málefni innflytjenda.

Sunna og Guðlaug Pálsdóttir aðstoðarskólameistari sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum ásamt Garðari og Gunnari verknámskennurum og Ellerti nemanda í skólanum. Allir námsráðgjafar sáu um móttöku grunnskólanema í 9. bekk sem komu í heimsókn til okkar á vorönn. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika en Sunna hefur haldið utan um skýrslur og aðrar greiningar.

Í prófum á haustönn skiptust námsráðgjafar á að sitja yfir nemendum sem þurftu sérstofu, þ.e. nemendur með prófkvíða eða önnur vandamál. Allir námsráðgjafar hafa unnið í verkefninu „Brottfall í framhaldsskólum“ sem Kristjana Stella Blöndal sér um og er á vegum menntamálaráðuneytisins.

Önnur verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og aðhaldi hjá námsráðgjöfum.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

Viðtöl

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir.

Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina **Í leit að starfi** en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, Í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk. Einnig buðum við upp á áhugasviðskönnun Strong sem ætluð er útskriftarnemum.

Námsstuðningur

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdarálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar. Þeir hafa einnig sent póst á alla kennara dyslexíu- nemenda og annarra nemenda sem hafa greiningar sem gott er að kennarar viti um. Þetta er gert í upphafi hverrar annar.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Það voru um 200 greiningar um lesblindu hjá nemendum FS báðar annir. Auk þessara greininga hefur námsráðgjafi upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Um það bil fimm nemendur voru með greiningu um stærðfræðiblindu báðar annir.

Á þessu skólaári voru um 25 greiningar um nemendur með ADHD eða ADD. Haldið hefur verið sérstaklega utan um þessa nemendur og þeir boðaðir í viðtöl hjá námsráðgjafa í upphafi annar. Þar er þeim boðinn stuðningur í námi sem felur m.a. í sér aðstoð við að skipuleggja námið og aðhald.

Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hópum. Á þessu skólaári var boðið upp á eitt námstækninámskeið í september, í febrúar var ekki næg þátttaka á námstækninámskeið og var því sinnt í einkaviðtölum. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Á þessu skólaári var haldið eitt prófkvíðanámskeið í nóvember. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum önnum varðandi próftöku, prófkvíða og sjálfstyrkingu.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum.

Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu) og situr námsráðgjafi þar yfir prófum. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil. Á haustönn 2014 voru 46 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2015 voru 47 nemendur sem sóttu sérúrræði í prófum.

Undanfarin ár hefur verið í gangi samkomulag við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar varðandi sálfræðiþjónustu við nemendur. Þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og hafa námsráðgjafar yfirleitt boðið einstaklingum þessa þjónustu sem þeir telja að þurfi á henni að halda. Einstaka nemendur eða foreldrar hafa óskað eftir þessu sjálfir. Kennarar hafa einnig bent á nemendur sem þeir telja vera í erfiðleikum og hafa þá námsráðgjafar jafnan samband við viðkomandi nemanda.

Sálfræðiþjónustan felur það í sér að við bjóðum nemendum að fara í nokkur viðtöl þeim að kostnaðarlausu. Námsráðgjafar eru milligöngumenn en nemendur undir 18 ára aldri þurfa samþykki foreldra til að fara í slíkt viðtal. Sálfræðingur hefur samband við viðkomandi nemanda varðandi bókun í tíma. Miðað er við að fjöldi viðtala á einstakling fari ekki yfir þrjú og málum þá vísað í annan farveg ef þörf er á. Þessi þjónustusamningur er í þróun og verður endurskoðaður eftir þörfum.

Fornám

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Sunnu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámsdeild kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar reglulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

Starfsbraut

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut. Arndís og Sunna fóru með kynningu á störfum námsráðgjafa og undirbúningi fyrir próf á vorönn. Einnig fundu námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan FS er varðar nemendur á starfsbraut.

Foreldrasamstarf

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

Í mars var haldin kynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum.

Námskeið og fagfundir

Arnís sótti fyrirlestur um Seiglu á vegum FNS og kynningarfyrirlestur um námskröfur vegna inntökuskilyrða í HÍ. Þá skiptust allir námsráðgjafarnir þrír á um að sækja námskeið um samskipta- og viðtalstækni hjá Símenntunarmiðstöð Suðurnesja. Þetta var Comeniusarverkefni, styrkt af Evrópusambandinu og samvinnuverkefni fimm landa.

Námsráðgjafar í FS buðu námsráðgjöfum í grunnskólum á Suðurnesjum á kynningu varðandi breytingar á stúdentsbrautum. Guðrún Jóna og Sunna fóru á starfsgreinakynningu sem fram fór í íþróttahúsinu við Sunnubraut.

Guðrún Jóna fundaði með námsráðgjöfum á Suðurnesjum í Sandgerði.

Allir námsráðgjafar funduðu með námsráðgjöfum í FNV og FSU ásamt Guðríði Arnardóttur, formanni KÍ.

Fundir innan FS

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans.

Skólaheimsóknir

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa FS á haustönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði í FS, námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað.

Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS, sökum verkfalls misstu tveir skólar af heimsókninni, þeim verður boðið að koma í heimsókn haustið 2014.

Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum bóknámsstofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Á báðum önnum var útskriftarhópunum boðið í heimsókn í HR.

Liðveisla

Nokkrir nemendur tóku áfangann LIÐ 102 á þessu skólaári. Þessir áfangar er í samvinnu við félagsráðgjafa hjá fjölskyldu-og félagsmáladeild Reykjanesbæjar svo og fjölskyldu-og félagsmáladeildir í nágrannasveitafélögum.

Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að skrá grunnskólanemendur inn í skólann.

Aðrir samstarfsaðilar

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Blindrabókasafnið

BUGL- Barna- og unglingsdeildin

Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Greiningastöð Ríkisins

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum

Skólar á háskólastigi

Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum

Vinumálastofnun Suðurnesja

Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

Námsráðgjafar úr FSu og FVA

Formaður framhaldsskólakennara Guðríður Arnardóttir

11. Skýrsla hjúkrunarfræðings

Frá árinu 2007 hefur Fjölbrautaskóli Suðurnesja boðið nemendum aðgengi að hjúkrunarfræðingi í skólanum fjóra daga vikunnar í um klukkustund í senn.

Upplýsingar um viðverutíma hjúkrunarfræðingsins er á skjávarpa, auglýsingartöflum og hurð aðstöðunnar. Komum til hjúkrunarfræðings hefur fækkað milli ára og varð í sögulegu lágmarki á haustönn eða 62 komur alls. Skýringa má etv finna í færri nemendur í skólanum, færri vandamáluð, auðveldara aðgengi annarstaðar eða að ekki var farið sérstaklega í bekki til að kynna þjónustuna. Þrátt fyrir færri komur fyrir áramót var ákveðið að minnka ekki stöðugildi hjúkrunarfræðings heldur nýta tímann og líta aðeins nánar á hóp nema er gáfu sjálfgreint þunglyndi sem sinn vanda í námi.

Veturinn í heild hefur gengið mjög vel fyrir sig út frá heilsufarslegu sjónarhorni, mun færri óvæntar uppkomur voru í vetur en undanfarin ár (yfirlíð, skyndileg veikindi, kvíði og slys). Nemendur með þekkta heilsufarssögur hafa einnig farið mildilega í gegnum veturinn. Heildar komur til hjúkrunarfræðings þetta skólaárið voru eins og hér telur. Stúlkur 52 x, drengir 44 x, starfsmenn 37 x, ýmislegt 5 x eða **alls 139 x**.

Af nemendum er boðið var viðtal vegna eigin sjúkdómsgreiningar skilaði hluti þeirra sér eftir nokkra tölvupósta. Mjög áhugavert var að ræða við þessa nemendur og fram komu ýmsar ástæður fyrir einmanaleika þeirra og stöðu í skólanum. Meðal annars týndu þau fram: Að vandi þeirra hefði byrjað áður en þau komu í FS. Að erfitt hefði verið að eignast vini í FS. Ef þau eignuðust ekki vini strax í byrjun væri það varla gerlegt. Þegar eini vinurinn í skólanum mætti illa hafði það áhrif á líðan þeirra og mætingu, eins þegar eini vinurinn hætt í skólanum, hefði einmanaleiki orðið mjög mikill. Mikla viðveru í tölvunni en lítil samskipum við aðra. Líkamleg einkenni eins viðmælanda truflaði einbeitingu í skóla. Sterk tilfinning um að hann skipti ekki máli. Andlegt sár frá skilnaði foreldra sem poppar upp og truflar. Eigin leti ástæða námsárangurs og flakk á milli brauta. Einn viðmælanda var nýkominn að hjá sálfræðingi og lækni sem væri að hjálpa. Annar fékk greiningarviðtöl hér á vegum skólans er nýttust viðkomandi mjög vel í að vera öruggari með sjálfa sig. Tveir viðmælendur voru með góða framtíðarsýn, sjá fyrir enda á náminu og áætlanir um hvað tæki við. Varðandi umræðu um hvað hefði getað hjálpað í byrjun og velt upp að ef starfsmaður skólans hefði látið sig varða og spurt um líðan þeirra á þeim tíma, þau töldu það mögulegt en töldu þó líklegra að svar þeirra þá hefði orðið að allt væri í góðu lagi hjá þeim. Varðandi umræðu hvernig starfsmenn skólans hefðu hugsanlega getað áttað sig á vanda þeirra þá töldu þau bestu/öruggustu vísbendingu um vanlíðan í skóla vera mætingarnar í byrjun.

Samvinna við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er góð. HSS hefur annast bólusetningar gegn Inflúensu starfsmanna undanfarin haust. Nenum er vísað á HSS þegar þurfa þykir. Ungmennþjónusta HSS er að festa sig í sessi frá haustinu 2012 og þangað leita nemendur með og án viðkomu í skólanum fyrst. Æskilegt væri að efla samstarf á milli Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Heilsugæslunnar enn frekar svo flæði væri sem greiðast.

Sólveig Björk Gränz, skólahjúkrunarfræðingur, tók saman.



Frá þemadögum í febrúar 2015.

12. Skýrsla forvarnarfulltrúa

Eftirtaldir flokkar flokkast undir starf forvarnarfulltrúa:

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Tóbaksnotkun

Samtakahópurinn

Viðtalstími

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins

Nemendur FS höfðu áfram tækifæri á að blása í áfengismæli á böllum. Síðustu tvö skólaár hefur sú hefð komist á að ef nemendur blása í áfengismæli á böllum og reynast ódrukknir þá fara þeir í edrúpott sem síðan er dregið úr við lok skólaárs. Miðað hefur verið við að nemendur hafi blásið á þremur böllum af fjórum. Í ár fannst ekki áfengismælir lögreglunnar fyrir síðasta ball ársins þannig að þeir sem höfðu blásið á tveimur böllum voru líka í pottinum sem dregið var úr. Alls voru 43 nemendur í pottinum og fengu þeir tveir sem dregnir voru út í lok skólaárs í það afhenta við útskrift í maí 2015. Næsta skref er að fara í samstarf við foreldrafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja um kaup á mæli sem notaður yrði á böllum.

Forvarnarfulltrúi situr fundi með félagslífsfulltrúa, lögreglu, skólameistara og nemendafélagi fyrir böll. Þá sinnir hann ásamt fleirum gæslu á böllum, hringir í foreldra þeirra nemenda sem eru undir 18 ára og þarf að sækja. Þeir nemendur sem gerast brotlegir við reglur skólans eru síðan kallaðir í viðtal, yngri en 18 ára með foreldrum en eldri en 18 ára einir. Í vetur voru 15 nemendur kallaðir til viðtals vegna brota á dansleikjum.

Tóbaksnotkun

Forvarnarfulltrúi ræðir við þá nemendur sem gerast brotlegir vegna tóbaksnotkunar en í ár bættust rafsígarettur við munntóbakið. Tóbaksnotkun virðist ekki hefjast fyrr en eftir að grunnskóla lýkur og hlýtur það að vera áhyggjuefni. Þetta virðist ekki vera bundið við ákveðna hópa en til að komast fyrir þetta þurfa allir starfsmenn að vera meðvitaðir um að notkun tóbaks er óheimil í skólanum. Í vetur var góð samvinna milli starfsmanna og nemendur sem höfð voru afskipti af tóku tiltali yfirleitt vel.

Samtakahópurinn

Forvarnarfulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist hálfsmánaðarlega. Fundirnir voru haldnir utan Fjölbrautaskólans á ýmist haldnir á föstudagsmorgnum klukkan 8.15. Hópurinn ræðir þau mál sem komið hafa upp, hefur samráð um ýmis mál ásamt því að skiptast á hugmyndum. Því miður hafði forvarnarfulltrúi ekki mikið svigrúm til að sækja þessa fundi en var í góðu sambandi við Hafþór Barða Birgisson, forstöðumann 88-hússins.

Viðtalstími

Forvarnarfulltrúi FS er til taks alltaf þegar þörf er á.

Anna Karlsdóttir Taylor, forvarnarfulltrúi, tók saman.



Nemendur í textíl afhenda Fjölskylduhjálpinni ungbarnasængurver og ungbarnanáttföt.

13. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Skólaárið 2014-2015 sat félagslífsfulltrúi u.þ.b. 20 formlega fundi með stjórn NFS ásamt ýmsum smærri fundum með formanni og öðrum stjórnarmönnum. Meðal helstu hlutverka vetrarins var að vera stjórnarmeðlimum innan handar í ýmsum ákvörðunartökum, leiðbeina þeim í stjórnarstörfunum, vera til staðar ef þau þyrftu á aðstoð að halda o.fl.

Félagsslífið á skólaárinu gekk heilt yfir vel og bauð upp á ýmsa viðburði fyrir nemendur. Stjórnin var að mestu skipuð duglegu og metnaðarfullu fólki og gekk samstarfið með þeim vel. Breyting varð á stjórninni þegar liðið var á skólaárið, einn stjórnarmaður sinnti ekki sínu starfi sem skyldi og var því vikið úr stjórninni. Nýnema var bætt í stjórnina og urðu með því örlitlar tilfæringar á embættum. Mesti þunginn í starfinu í vetur lagðist á formanninn sem kom mikið til vegna þess að aðrir stjórnarmenn voru mjög uppteknir af öðrum störfum er snéru að NFS, t.d. leikriti, Morfís, Gettu betur o.fl.

Dansleikir eru þeir viðburðir sem standa venjulega hæst á hverju skólaári. Það voru 4 dansleikir á skólaárinu haldnir í Stapanum, gengu þeir að mestu mjög vel og voru nokkuð vel sóttir. Á haustönn var hið hefðbundna Busaball ásamt Baraballi. Á vorönn var haldið Raveball og Árshátíðarball. Á böllunum gafst nemendum kostur á að blása í áfengismæli og skrá sig í „edrupott“ ef ekkert áfengi mældist. Á skólaslitum voru svo 2 nemendur dregnir úr pottinum og hlutu þeir iPad í verðlaun. Gott samstarf var nú sem áður við lögreglu varðandi dansleikjahald sem er okkur ómetanlegt. Mikill fjöldi starfsmanna var á hverjum dansleik; 1 - 2 lögreglumenn, 5 - 6 starfsmenn frá FS, 10 - 12 úr útskriftaraðli, auk 8 dyravarða. Ölvun nemenda á dansleikjum er alltaf einhver, en eftir busaballið í ár var ákveðið að taka harðar á ölvun nemenda. Mjög mikilvægt er gefa skýrar línur varðandi ölvun á fyrsta dansleik ársins (busaballi). Mjög gott samstarf var á milli forvarnarfulltrúa og félagslífsfulltrúa varðandi dansleikjahald á skólaárinu.

Hljóðneminn, sem verið hefur einn af stærstu viðburðum skólaársins, fór fram laugardaginn 24. janúar í Andrews leikhúsinu á Ásbrú. Keppnin í ár bar fljótt að og var illa auglýst og fór auk þess fram seinni part laugardags sem var afar óhentug tímasetning. Aðsókn á keppnina í ár var því með minna móti, en atriðin voru aftur á móti með besta móti. Eins og áður var mikið lagt í að gera keppnina sem glæsilegasta og því dapurt að ekki skildi vera fullt hús. Sigurvegarinn í ár var Guðrún Pálína Karlsdóttir og var hún fulltrúi skólans í söngkeppni framhaldsskólanna.

Stærsti viðburður skólaársins var án efa uppsetning leikfélags skólans, Vox Arena, á söngleiknum „Moulin Rouge“ sem sýndur var í Andrews leikhúsinu á Ásbrú. Það var gríðarlega mikil vinna sem lá að baki sýningunni og margar hendur sem lögðu hendur á plóg. Sýningin var ágætlega sótt og vakti mikla athygli og lof hjá þeim er sóttu sýninguna. Það var þó mál manna að nemendur skólans hefðu ekki sótt sýninguna nægjanlega vel og er spurning hvort ekki ætti að taka upp siði frá öðrum skólum, þar sem nemendur eru nánast skyldugir að mæta á sýningu og þá á skólatíma. Síðustu ár hefur skapast skemmtileg hefð fyrir því að setja upp leikrit og vonandi að sú verði raunin næstu árin.

Árangur FS í stóru keppnunum þremur, Gettu betur, Morfís og Söngkeppni framhaldsskólanna, var með besta móti í ár. Lið FS í Gettu betur náði þeim glæsilega árangri að komast í sjónvarpssal í 8 liða úrslit. Þar tapaði liðið fyrir Fjölbautaskólanum í Garðabæ, annað árið í röð sem FS dettur úr leik gegn skóla sem fer alla leið í úrslitabáttinn. Í Morfís stóð liðið sig einnig mjög vel, liðið tapaði naumlega (og ósanngjarnt að flestra mati) í undanúrslitum gegn Menntaskólanum við Sund. Söngkeppni framhaldsskólanna fór fram í Reykjavík í apríl. Fulltrúi FS í keppninni var Guðrún Pálína Karlsdóttir, en hún komst því miður ekki í lokakeppnina.

Skólaþættinum Hnísunni hnignaði enn frekar á árinu og skólablaðið Vizkustykki kom ekki út þetta skólaárið, í fyrsta sinn í mörg ár ☺

Félagslífið í FS, skólaárið 2014 - 2015 var þokkalegt, en það eru svo sannarlega breyttir tímar sem við göngum í gegnum. Samskiptamiðlarnir tröllríða öllu og fara nánast öll samskipti, ásamt auglýsingum á viðburði skólans, fram á þessum miðlum. Allt hefur þetta sína kosti og galla. Það sem er mest ábótavant er að búa til stemmningu innan veggja skólans sem fæst t.d. með því að auglýsa viðburði í skólanum.

Stór skóli eins og FS þarf að geta boðið upp á öflugt félagslíf og þarf að fara gott orð af því starfi. Félagslífið ár hvert ræðst mikið af því stjórnarfólki sem velst til starfa hverju sinni; hversu dugleg þau eru, hversu samheldin þau eru, hversu metnaðarfull þau eru o.s.frv. Þetta hefur gengið í bylgjum s.l. ár og vonandi verður starfið gott á næsta ári, ný stjórn gefur a.m.k. tilefni til bjartsýni en hún hefur hafið skipulagningu fyrir skólaárið 2015 - 2016 af krafti.

Gunnar Magnús Jónsson, félagslífsfulltrúi, tók saman.